



kjarninn

22. útgáfa – 16. janúar 2014 – vika 3

NÆR DAUÐA EN LÍFI VEGNA MISTAKA

Handboltakappinn Hannes Jón Jónsson var við dauðans dyr eftir mistök á þýsku sjúkrahúsi.

+ Háholt fær unga fanga og 400 til 500 milljónir króna

+ Varapingmaður sakar Davíð Oddsson um pungspark

+ Lögreglan leitar ekki rétt að týndum börnum



VELFERÐARMÁL

Stjórnvöld ákváðu að semja við Háholt upp á hundruð milljóna króna í óþökk fagaðila



VIÐSKIPTI

Kauphöll Íslands segir Al-Thani dóm skref í rétta átt



TÆKNI

App og snjallúr gerir foreldrum kleift að staðsetja börn

Sjö spurningar: Tvíburi les bók um tvíbura

Rún Ingvarsdóttir fréttakona svarar sjö spurningum í spánnýjum efnislið í Kjarnanum.

How do you like Iceland?

Hversu margir ferðamenn koma til Íslands? Hvaðan koma þeir og hversu miklu eyða þeir? Kjarninn svarar því.

Facebook er Austur-Þýskaland nútímans

Auður Jónsdóttir segir Facebook undarlega blöndu af fjölmiðli og ljósbleiku bókunum.

Litla þolinmæði gagnvart neikvæðum

Konráð Jónsson skrifar Kjaftæðis-pistol. Hann telur lögmál vera að baki varðveislu reiðinnar.



kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is

www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Frankvæmdastjórar: Gísli Jóhann
Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

Hraðvirkari, nettari og léttari en áður

Stuðningi Windows XP verður hætt 18. apríl 2014. Nú er rétti tíminn til að skipta í nýja **HP EliteBook 840 G1** fartölvu með Intel® Core™ i7 örgjörvanum.

Framúrskarandi hönnun, notendavæn og snjöll smáatriði.

HP hefur tekist að skapa einstaka fartölvulínu fyrir fyrirtækjaumhverfi þar sem kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.



28% léttari og
40% þynnri.



15 klst. ending
raffhlöðu og allt
að 33 klst. með
stærri raffhlöðu.*



UltraSlim
tengikví fyrir
skrifstofuna.*



Nýr valkostur,
snertiskjár.*

*aukabúnaður



Auðvelt er að tengja EliteBook fartölvurnar við búnaðinn á skrifstofunni með UltraSlim tengikví.

Fáðu ráðgjöf sérfræðinga Opinna kerfa við val á lausnum sem henta þínum þörfum og umhverfi.

Kynntu þér EliteBook nánar á www.ok.is

Atlaga úr öllum áttum

Magnús Halldórsson skrifar um baráttuna við verðbólguþrauginn og tilraunir stjórnvalda til þess að koma á hann böndum

Robert Aliber, einn þekktasti fjármálakrísu-sérfræðingur heims úr hagfræðistétt, er Íslendingum að góðu kunnur. Hann varaði við því opinberlega í tvígang að bankakerfið íslenska stæði á brauðfótum, löngu áður en það féll, en gagnrýni hans var ekki tekin alvarlega, hvorki af bankamönnum né stjórnvöldum. Aliber varð sár og reiður yfir viðbrögðunum, enda ekki vanur þeirri ókurteisi sem honum var sýnd eftir að hann hafði sagt frammi fyrir fullum sal af valdamesta fólki landsins að „laumuáhlaup“ væri nú þegar hafið á íslenska bankakerfið. Þá sagði hann þegar hann kom hingað í heimsókn að augljóslega væri eitthvað bogið við þensluna í íslenska hagkerfinu í ljósi þess hve margir byggingarkranar væru á höfuðborgarsvæðinu.

Aliber kom hingað til lands í október í fyrra á þeim tímamótum þegar fimm ár voru frá hruni fjármálakerfisins

og sagðist sjá merki um bata. Hætta á viðlíka efnahagsbólum og hér varð fyrir hrun, sem var hlutfallslega sú stærsta sem nokkurt land hefur skapað, væri ekki mikil. Í viðtali við Viðskiptablaðið 7. október sagðist hann hafa talið sjö byggingarkrana á höfuðborgarsvæðinu, sem væri heilbrigðisvottorð fyrir hagkerfið.

Göngutúrinn

Ég geng í vinnuna á hverjum morgni frá Rauðalæk upp á Laugaveg, um þriggja kílómetra leið. Leiðin liggur meðal annars um Borgartúnið, framhjá Höfðatorginu og þaðan í átt að miðbænum. Einungis á þessu svæði eru í það minnsta tíu stórir byggingarkranar, í bakgarði Borgartúns 26 og Höfðatorgs, þar sem eitt stærsta hótell landsins er að rísa. Á fleiri svæðum á höfuðborgarsvæðinu eru byggingarframkvæmdir komnar á fullt og kranar víða til merkis um það.

Hagfræði er meðal mestu óvissufræða félagsvísindanna og eins og sagan segir okkur er því miður oft á tíðum erfitt að átta sig á gangi mála, jafnvel þótt bestu gagnagrunnar séu notaðir til stuðnings við hagfræðilegar spár og hnífskarpir hagfræðingar að rýna í þá. Þó að kranatalningin hjá Aliber hafi gefið honum sjálfum þá tilfinningu að hér væri allt að ofhitna fyrir hrúnið – sem var rétt hjá honum – hlýtur forsendan fyrir því að tilfinning sé marktæk að byggjast á því að upplýsingarnar sem að baki liggja séu réttar.

Talning Aliber á krönunum í október, sem var undirbygging heilbrigðisvottorðs hans á hagkerfinu, er algjörlega ómarktæk fyrst hann taldi bara sjö krana. Þeir skipta tugum. En tilfinningin um að eitthvað sé bogið við stöðu mála eða allt í jafnvægi getur samt verið rétt.

Hvað með verðbólguna?

Tilfinningaályktun um heilbrigði hagkerfisins, eins og kranatalningin hjá Aliber, færir hugann að verðbólgu-

„Einungis á þessu svæði eru í það minnsta tíu stórir byggingarkranar, í bakgarði Borgartúns 26 og Höfðatorgs 26 ...“

markmiðinu sem stjórnálmenn hafa sett og gera Seðla-
bankanum að starfa eftir lögum samkvæmt. Markmiðið er
2,5 prósentu verðbólga. Það næst nánast aldrei og forsendur
fyrir kjarasamningum, þar sem reiknað er með að þróunin
verði sú á samningstíma að verðbólga fari niður að mark-
miði, bresta iðulega. Því miður sýnir sagan þetta. Nú er
ég ekki hagfræðingur og hef því ekki forsendur til þess að
meta það nákvæmlega hvort stjórnálmenn átta sig á því
hversu miklum vettlingatökum þeir eru að taka þetta lög-
bundna hagstjórnartæki sem verðbólguþættir er, en
augljóslega meta þeir það ekki sem svo að vandinn sé að-
kallandi. Annars væri miklu meiri og dýpri umræða innan
stjórnálmálaflokkanna um peningamálastjórnina í landinu og
þá staðreynd að verðbólguþættirinn er búinn að koma sér

betur fyrir á Íslandi en í nokkru öðru þróuðu
hagkerfi.

**„Framsóknar-
flokkurinn réðst
skömmu eftir 1980
gegn verðbólgu-
inni með nýstár-
legri lausn; verð-
tryggingunni.“**

Því skal þó til haga haldið að stjórn-
völd, með Sigmund Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra í fremstan í flokki, eru
að reyna að ná verðbólgunni niður með
nýjum aðferðum; það er ráðast á verð-
tryggða fjármálagjörninga, lækka höfuðstól
verðtryggðra lána lítið eitt og breyta öllum
skuldbindingum í óverðtryggðar. Sé lítið
til sögu og reynslu þegar bardagar stjórn-

valda og verðbólguþættirinn eru annars vegar veit maður
ekki alveg hvað maður á að halda. Framsóknarflokkurinn
réðst skömmu eftir 1980 gegn verðbólgunni með nýstárlegri
lausn; verðtryggingunni. Hún var notuð til þess að lina
þjáningarnar af verðbólgunni og helsti styrkur hennar var
álitinn sá að með henni myndu stjórnálmenn og aðilar
vinnumarkaðarins geta keypt tíma til þess að taka saman
höndum og koma böndum á verðbólguþættirinn. Það er
óhætt að segja að þetta hafi ekki gengið upp, sé horft yfir
tímabilið í heild, sem nemur um það bil einni meðaltalslengd
húsnæðisláns. Eitt getur almenningur sagt við stöðu mála;
vonandi gengur betur núna en síðast þegar Framsóknar-



flokkurinn réðst á verðbólgu drauginn með stærðfræðilegum lausnum. Þeirri viðureign lauk með fádæma yfirburðasigri draugsins.

Úr öllum áttum

Englandsbanki, Seðlabanki Bretlandseyja, hefur mikla vigt á fjármálamörkuðum sem undirstoð breska pundins og hagkerfisins. Það er forvitnilegt að skoða skjöl sem geymd eru á vefsíðu bankans sem tengjast því þegar verðbólga fer úr böndunum, það er ofar en markmið. Þá þarf bankinn, lögum samkvæmt, að eiga í opinberum bréflegum samskiptum við fjármálaráðherra Bretlands og ríkisstjórn Bretlands. Niðurstaða þessara opinberu viðræðna frammi fyrir almenningi á að vera aðgerðaáætlun sem hrint er í framkvæmd til þess að vernda kaupmátt, „virði peningana þinna“ eins og áréttað er að forsíðu vefs Englandsbanka. Þegar þetta gerist, að verðbólga fer umfram markmið, fer það ekki framhjá neinum. Allt nötrar og skelfur og stjórnámamenn verða hræddir um að missa umboð sitt ef þeir gera mistök þegar peningar fólks byrja að missa verðgildi sitt.

Hér á landi eru í gildi sambærileg lög um að samskipti skuli eiga sér stað á milli seðlabankans og stjórnvalda ef verðbólgu draugurinn er með of mikinn usla. En þetta er ekki tekið alvarlega af íslenskum stjórnámamönnum. Þeim virðist vera alveg sama um að verðbólgu draugurinn sé laus og ríði húsum. Þeir virðast líta á það sem verkefni að laga hagkerfið að þörfum draugsins á hverjum tíma, sem býr til gróða fyrir einn en tap fyrir annan.

Á meðan unnið er eftir lögunum sem móta peningamálastjórnina og kerfið sem unnið er innan geta stjórnámamenn ekki vikið sér undan því að móta afstöðu til þess hvort þessi lög séu að reynast vel eða hvort peningamálastjórnin þurfi á varanlegri kerfisbreytingu að halda. Margt bendir til þess að lögin um peningamálastjórnina og verðbólgu markmiðið séu ekki að reynast þjóðinni vel. Verðbólgu draugurinn er laus þrátt fyrir víðtæk fjármagnshöft. Verðtryggð sverð eða óverðtryggð? Hingað til hefur draugurinn staðið þetta allt af



sér. Hann lifir góðu lífi, svo lengi sem ekki er ráðist á hann úr öllum áttum. Ef sú alhliða árás er í undirbúningi mun ekki duga að horfa út um gluggann á skrifstofum ASÍ í Sætuini – þar sem einn byggingarkraninn enn blasir við – eða vaða áfram í enn einn bardagann við vindmyllurnar með nýjum fjármálagjörningum. Það mun heldur ekki duga að skipta um mann í brúnni í Seðlabankanum. Sú stofnun starfar eftir lögum og hefur ekkert breytt um stefnu áratugum saman, nema að því leyti að stjórnámálamenn færðu bankanum fjármagnshöftin til framkvæmda eftir hrunið með lögum. Því ver og miður er ekki vitað hvað mun duga til þess að hemja verðbólguþrauginn. Þó er vitað að hann má ekki eiga neina undankomuleið þegar að honum er sótt. Árásin verður að hafa varanlegar slæmar afleiðingar fyrir verðbólguþrauginn.

SMASSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFERAN

Háholt fær ungu glæpamennina

Búið er að gera samkomulag þvert gegn vilja margra sérfræðinga. Kostnaður er 400-500 milljónir króna.



Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur ákveðið að meðferðarheimilið Háholt í Skagafirði verði sá staður þar sem fangar undir aldri sem dæmdir hafa verið til óskilorðsbundinnar refsingar verði vistaðir næstu þrjú ár. Samkomulag þess efnis var undirritað 6. desember síðastliðinn og nú er unnið að gerð þjónustusamnings til að innsigla málið. Kostnaður vegna samningsins er áætlaður 400 til 500 milljónir króna.

Þessi niðurstaða er athyglisverð fyrir margar sakir, sérstaklega þá að enginn þeirra sérfræðinga sem Kjarninn ræddi við, og starfa með þessum hópi ungra brotamanna, taldi Háholt hentugan stað til að vista þá á. Meðferðarheimilið þykir of fjarri þeirri stoðþjónustu sem brotamennirnir þurfa á að halda, þjónustu sálfræðinga og geðlækna sem langflestir eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess eru fjölskyldur og rætur brotamannanna nánast undantekningarlaust einnig þar.

Illa undirbúin innleiðing

Þörf Íslendinga til að finna viðunandi lausn á vistun dæmdra brotamanna undir lögaldri er knýjandi vegna þess að velferðarríki á auðvitað að geta boðið upp á viðunandi úr-ræði í þessum málaflokki. En hún er líka knýjandi vegna þess að íslenska ríkið hefur leitt í lög barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem skikkar okkur til þess að leysa málið.

Þrátt fyrir að Barnasáttmálinn hafi verið samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989 hafði hann aldrei verið innleiddur í íslensk lög. Það gerðist hins vegar, frekar snögglega, haustið 2012 að þingmenn úr öllum flokkum lögðu fram þingmannafrumvarp um innleiðingu hans. Sú aðgerð var mjög þörf en frekar illa undirbúin, þar sem um þingmannafrumvarp var að ræða en ekki stjórnarfrumvarp. Þegar sáttmálinn var síðan loks lögfestur hinn 20. febrúar 2013 stóð Barnaverndarstofa til dæmis frammi fyrir því að þurfa að framfylgja lagaákvæði um vistun ungra afbrotamanna án þess að til væri stofnun hérlendis sem hægt væri að nýta til þess.



Samkomulag Háholts og
Barnaverndarstofu frá 6.
desember 2013

DOKKAN gerir mannauð fyrirtækisins verðmætari



Hlutverk Dokkunnar er að þjóna íslenskum fyrirtækjum með þekkingu sem byggð er á menntun, hugviti og reynslu.

Dokkan stuðlar að bestu mögulegu nálgunum við hvert einasta verkefni sem unnið er í fyrirtækinu.

Dokkan er þekking í áskrift!

Er þinn vinnustaður í áskrift?



Stofnun á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2011 hafði Barnaverndarstofa lagt fram mjög ítarlega greinargerð til þáverandi velferðarráðherra þar sem lagt var til að komið yrði á fót stofnun á höfuðborgarsvæðinu sem yrði sérstaklega hönnuð fyrir ungmenni sem ættu við mjög alvarlegan vímuefna- og/eða afbrotavanda að stríða og fyrir

þá sem þyrftu að afplána óskilorðsbundna dóma. Þessi tillaga rataði inn í framkvæmda-áætlun stjórnvalda í barnaverndarmálum sem Alþingi samþykkti árið 2012. En eins og oft vill verða með samþykkt íslensk vilyrði voru aldrei neindir peningar settir í að byggja þessa stofnun.

Með innleiðingu Barnasáttmálans vofandi yfir sér stóð Barnaverndarstofa frammi fyrir því að þurfa að finna einhverja aðra stofnun sem gæti leyst hlutverkið, að minnsta kosti til bráðabirgða. Eftir yfirlegu lagði hún til í mars 2013 að Háholti í Skagafirði yrði falið þetta hlutverk.

Innanríkisráðuneytið, sem þá var undir stjórn Ögmundar Jónassonar, lagðist hins vegar gegn þessu. Helstu rökin voru þau að lausnin væri úti á landi, langt frá allri nauðsynlegri stoðþjónustu.

Innanríkisráðuneyti snýst hugur

Háholt hefur starfað sem meðferðarheimili í 15 ár. Um er að ræða einkarekstur sem hvílir á þjónustusamningi við Barnaverndarstofu. Samningur Háholts átti að renna út um síðustu áramót og um mitt ár 2013 ákvað Barnaverndarstofa að framlengja hann ekki, meðal annars vegna þess að innanríkisráðuneytið, sem fer með fangelsismál, hafði vorið 2013 hafnað heimilinu sem lausn. Saga Háholts virtist því vera komin á endastöð og öllu starfsfólki var sagt upp í lok september 2013.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að nánast á sama tíma og uppsagnirnar voru framkvæmdar

„Þegar sáttmálinn var síðan loks lögfestur hinn 20. febrúar 2013 stóð Barnaverndarstofa til dæmis frammi fyrir því að þurfa að framfylgja lagaákvæði um vistun ungra afbrotamanna án þess að til væri stofnun hérlendis sem hægt væri að nýta til þess.“



hafi það hins vegar gerst að innanríkisráðuneytinu, nú undir stjórn Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, hafi snúist hugur í málinu. „Þetta gerðist í septemberlok. Ég kann ekki að skýra nánar frá því af hverju þetta var. En á þessum tíma var Barnaverndarstofa komin á þá skoðun að það væri ekki rétt að framlengja þjónustusamning við Háholt vegna skorts á eftirspurn. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að það hefur jafnt og þétt verið að draga úr stofnanameðferð. Á síðari hluta ársins 2013 dróst eftirspurn eftir rýmum á Háholti verulega saman. Það bara barst ekki umsókn. Við töldum því eininguna varla rekstrarhæfa.“



Forstjóri Barnaverndarstofu
Bragi Guðbrandsson segir það hafa legið fyrir að finna þyrfti lausn á vistun fanga undir lögaldri.

Kjarninn ræddi einnig við sérfræðinga sem starfa með þeim hópi ungmenna sem líklegast verður vistaður

á Háholti. Þeir vildu ekki koma fram undir nafni en gagnrýni þeirra allra var samhljóma: stofnun sem vistaði þessi ungmenni þyrfti að vera á höfuðborgarsvæðinu til að tryggja þeim þá þjónustu sem þau þurftu á að halda. Auk þess væru þau nánast án undantekninga af höfuðborgarsvæðinu og nálægð við fjölskyldur og rætur þeirra væru æskileg til að auka líkur á bata. Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, talaði á svipuðum nótum. Í samtali við Kjarnann sagði hann að ef þessi lausn tryggði aðgengi þessara einstaklinga að sérfræðingum gæti Háholt gengið. Slíkt yrði hins vegar að tryggja.

Nauðsynlegt að finna lausn

Bragi segir að það hafi hins vegar legið fyrir að finna þyrfti lausn á vistun fanga undir lögaldri. Velferðarráðuneytið taldi síðastliðið haust rétt að leita sjónarmiða allra barnaverndarnefnda á landinu á þessu, en þær eru 27 talsins. Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Kjarnans um málið segir meðal annars: „Mat ráðuneytisins var að afstaða barnaverndarnefndanna gagnvart þjónustu Háholts væri almennt

mjög jákvæð. Þrátt fyrir að sumar nefndir tilgreindu nokkra annmarka á staðsetningu og öðrum atriðum, var það túlkun ráðuneytisins að jákvæðu atriðin sem dregin voru fram vægju þyngra, auk þess sem barnaverndarnefndirnar veittu upplýsingar um allmörg börn sem líkur bentu til að sótt yrði

um meðferð fyrir í Háholti á næstu mánuðum og misserum.“

Í kjölfarið tók Eycló Harðardóttir, sem fer með félags- og húsnæðismál í velferðarráðuneytinu, ákvörðun um að framlengja samninginn við Háholt.

Bragi segist líta svo á að vistun fanga á Háholti hljóti að vera bráðabirgðalausn.

„Það hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að önnur áform séu uppi en að byggja þessa stofnun sem þarf á höfuðborgarsvæðinu. Við verðum hins vegar að geta tekið á móti þessum einstaklingum. Það getur fallið dómur á morgun eða hinn. Ráðherrann stóð frammi fyrir því að velja einhverja þeirra stofnana sem við rekum í dag til að sinna þessu. Hann tekur ákvörðun um að velja Háholt. Ég geri mér grein fyrir því að ákvörðunin er umdeilanleg en það þurfti að ráða fram úr þessu.“ Hann segir heildarkostnað vegna þriggja ára samnings við Háholt líklega vera á bilinu 400 til 500 milljónir króna.



Eycló Harðardóttir

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur tekið ákvörðun um að framlengja samninginn við Háholt.

KVÍÐI, ÁLAG EÐA ORKULEYSI?



Burnirótin hefur reynst mér mjög vel við þunglyndi og kvíða. Ég er mun hressari á morgnana og hef meira úthald og orku allan daginn og mæli hiklaust með henni.

Sigprúður Jónasdóttir

BURNIRÓTIN er talin góð gegn orkuleysi, kvíða, þunglyndi, getuleysi og streitu ásamt því að efla úthald og einbeitingu.




Fæst í apótekum, heilsubúðum, Hagkaupsverslunum (Smáralind og Spönginni) og Fjarðarkaupum.

www.annarosa.is



LeGo ævintýrið

Danska leikfanga fyrirtækið Lego hefur átt ótrúlegri
velgengi að fagna á síðustu árum.



I ágúst 1932, þegar Ole Kirk Christiansen byrjaði að smíða einföld húsgögn og leikföng úr tré til að afla sér tekna, hefur tæplega hvarflað að honum að rúmum 80 árum síðar yrði litla smíðastofan hans í Billund á Jótlandi orðin að stórfyrirtæki með tíu þúsund manns í vinnu og næststærsti leikfangaframleiðandi í heimi. Og að nafnið sem hann valdi fyrirtækinu, Lego, yrði eitt þekktasta vörumerki veraldar.

Missti vinnuna

Þegar trésmíðurinn Ole Kirk Christiansen missti vinnuna í lok júlí 1932 klóraði hann sér góða stund í kollinum. Hann var giftur, faðir fjögurra ungra barna og eiginkonan sjúklingur; afkoma heimilisins valt á heimilisföðurnum. Ole Kirk var hins vegar vanur að þurfa að bjarga sér, alinn upp í hópi 13 systkina og byrjaði sjö ára að vinna, foreldrarnir bláfátækir bændur. Honum hafði, þrátt fyrir fátæktina, tekist að læra smíði og afla sér tilskilinna réttinda og ákvað að reyna að notfæra sér smíðakunnáttuna enda talinn góður smíður.

„Ole Kirk var hins vegar vanur að þurfa að bjarga sér, alinn upp í hópi 13 systkina og byrjaði sjö ára að vinna.“

Smíðastofa Ole Kirk Christiansen var stofnuð 10. ágúst 1932. Starfsmenn voru í upphafi tveir, auk eigandans tólf ára sonur hans Godtfred. Starfsemin fór hægt af stað, framleiðslan var eldhúskollar, straubretti,

hillur, smáborð og leikföng. Ole Kirk tók eftir því að heimasmiðuðu leikföngin voru vinsæl meðal leikfélaga barna hans og lagði því aukna áherslu á smíði þeirra. Salan jókst og starfsfólkinu á verkstæðinu fjölgaði.

Lego verður til

Árið 1934 ákvað Ole Kirk að leggja niður smíðastofunafnið og nefndi fyrirtækið Lego, samsett úr orðunum leg godt. Mörgum árum síðar komst hann svo að því að að á latínu þýðir þetta orð, Lego, „ég set saman“ eða „ég safna saman“. Árið 1935, ári eftir nafnabreytinguna, setti Lego á markaðinn fyrstu leikföngin sem byggðust á því að raða saman hlutum. Þessi leik-

föng, sem voru úr tré og mjög ólík kubbunum sem síðar urðu til, þóttu vönduð og nutu mikilla vinsælda.

Árin 1939–1940 stundaði sonurinn Godtfred um nokkurra mánaða skeið nám við Iðnaðarmannaskólann í Haslev á Sjálandi. Þar heyrði hann talað um nýtt undraefni: plast. Heimkominn sagði hann föður sínum frá þessu nýja undraefni, sem kennararnir höfðu sagt að myndi valda byltingu. Ekkert

gerðist þó um sinn enda heimsstyrjöldin í algleymingi.

Fljótlega eftir að stríðinu lauk keyptu þeir feðgar, frá Bretlandi, vél sem hitaði plast sem síðan var hægt að móta. Nokkru síðar var keypt önnur vél sem gat mótað eða steipt hluti. Þegar þarna var komið sögu var hugmyndin um kubbana, Lego-kubbana, að fæðast hjá þeim feðgum.



Ole Kirk Christiansen

Maðurinn sem stofnaði viðskiptastórveldi upp úr leikfangasmíð. Hann lést árið 1958 en síðan hefur vörumerkið stækkað gríðarlega.

Kubbarnir komu á markaðinn 1949 og þá fóru hjólin fyrir alvöru að snúast; kubbarnir seldust eins og heitar lummur og starfsfólki og vélum í verksmiðjunni í Billund fjölgaði dag frá degi. Ole Kirk Christiansen lést árið 1958, en sonurinn Godtfred, sem byrjaði tólf ára á verkstæðinu, var þá sestur í forstjórastólinn.

Lego-fyrirtækið hefur alla tíð verið algjörlega í eigu Christiansen-fjölskyldunnar; sonarsonur stofnandans tók við forstjórastarfinu af föður sínum Godtfred (sem lést 1995) en árið 2004 var í fyrsta skipti leitað eftir forstjóra út fyrir fjölskylduna.

Árið 1960 voru starfsmennirnir orðnir 450 og það sama ár

LEGO-MÚRSTEINARNIR SLÓGU STRAX Í GEGN

Þegar kubbararnir komu fyrst á markaðinn voru þeir kallaðir Lego-múrsteinar. Efnið sem lengi hefur verið notað í kubba er svonefnt ABS-plast, dýrt

gæðaplast. Plastið er hitað upp undir 300 °C áður en það fer inn í sérstaka vél sem mótar plastið í endanlegt form og kælir það því næst niður.

var framleiðsla á leikföngum úr tré hætt, plastið var fram-tíðin. Umsvifin jukust stöðugt og forstjórinn, sem var mikið á ferðinni, keypti litla flugvél og lét gera flugbraut skammt frá verksmiðjusvæðinu. Flugbrautin varð brátt allt of lítil og 1964 var flugvöllurinn við Billund tekinn í notkun. Skemmtigarðurinn Legoland var opnaður árið 1968 og hefur allt frá opnun verið fjölsóttasti ferðamannastaður í Danmörku, utan Kaupmannahafnar. Fyrsta árið voru gestirnir 625 þúsund en í fyrra voru þeir um 1700 þúsund. Í dag eru Legoland-skemmtigarðarnir, sem eru aðeins að hluta í eigu Christiansen-fjölskyldunnar, sex talsins. Auk hins danska er einn í Bretlandi, einn í Þýskalandi, tveir í Bandaríkjunum og sá nýjasti var opnaður í Malasíu í hitteðfyrra. Til stendur að opna fleiri Legoland-skemmtigarða á næstu árum.

Erfitt um aldamót

Árin í kringum aldamótin reyndust Lego erfið. Tölvuleikir voru mál málanna og Lego tókst ekki að laga sig að breyttum tímum. Miklum fjármunum var varið í vörubrúun sem litlu skilaði. Útlitið var dökkt og um tíma töldu margir að Lego riðaði til falls. Í ársbyrjun 2004 stóð Kjeld Kirk Christian-sen upp úr forstjórástólnum en við starfinu tók Jörgen Vig Knudstorp. Undir stjórn hans tókst að snúa rekstrinum við þannig að árin frá 2004 hafa verið samfelld sigurganga og umsvifin hafa aukist ár frá ári. Velgengnin er ekki síst að þakka miklum vinsældum leikfanga sem ganga undir nafninu „Star Wars-serían“ en Lego hafði árið 1998 gert samning við Lucas Art, sem var í eigu George Lucas.

Asía opnast

Á síðustu árum hefur Lego lagt aukna áherslu á að ná fót-festu í Asíu, en þar voru þessi leikföng lengi vel lítið þekkt.





Höfuðstöðvar Lego

Kubbaframleiðandinn danski hefur skrifstofur sínar í Billund á Jótlandi. Lego er helsta kennileiti Billund og þar er Legoland-skemmtigarðurinn.

Það er nú að breytast því á síðasta ári jókst salan í Kína, sem er mikilvægasta markaðssvæðið, um 70 prósent frá árinu áður og Jörgen Vig Knudstorp forstjóri sagði nýlega í viðtali að Asíuævintýri Lego væri rétt að byrja.

Í febrúar kemur á markaðinn ný Lego-vörulína. Þar er á ferðinni vinsæl og þekkt bandarísk fjölskylda, Simpson-fjölskyldan. Mikil vinna hefur verið lögð í að gera þessa Lego-Simpson-fjölskyldu vel úr garði, í byrjun verða fígúrnar sex talsins en í vor koma svo 16 fígúrir til viðbótar. Íbúðarhús Simpson-fjölskyldunnar verður líka í fyrsta pakkanum og enn fremur fjölskyldubíllinn og ýmislegt fleira.

Á næstu vikum verður enn fremur frumsýnd, í 60 löndum, kvikmyndin The Lego Movie, sem í stuttu máli segir frá illmenninu Business, sem ætlar að ná yfirráðum í Legoheiminum með því að líma saman alla Lego-kubba sem til eru í veröldinni. Ekki eru allir jafn hrifnir af þeim fyrirætlunum!

Kubbarnir grunnurinn

Þrátt fyrir að úrvalið af Lego sé fjölbreytt eru það samt sem áður kubbarnir sem alltaf seljast best. Eina breytingin sem gerð hefur verið á þeim er að um miðjan sjötta áratuginn voru settir undir kubbana (eða inn í) eins konar hólkar sem gera það að verkum að þeir haldast betur saman en þeir gerðu í upphafi.

Verksmiðjan í Billund er enn burðarás framleiðslunnar,



en þar vinna tæplega 4.000 manns, þar af um það bil 150 hönnuðir. Auk verksmiðjunnar í Billund á fyrirtækið nokkrar verksmiðjur og er með 7.000 starfsmenn í öðrum löndum. Lego hefur ætíð lagt áherslu á að eiga sínar verksmiðjur en kaupa ekki af undirverktökum. Eftir því sem næst verður komist hefur aðeins eitt fyrirtæki sem ekki er í eigu Lego fengið leyfi til að framleiða Lego-kubba. Það er Reykjalandur, en þar voru í mörg ár framleiddir Lego-kubbar sem í fyrstu voru kallaðir SÍBS-kubbar. Þessir kubbar, og kassarnir utan um þá, eru safngripir í dag.

Margir hafa spurt: hver er galdurinn á bak við Lego? Því getur enginn svarað en kannski er svarið það að Lego býður upp á nær endalaus möguleika og höfðar til allra aldurs-hópa. Að „kubba“ er ekki bara leikur yngstu borgaranna, því tugþúsundir fólks á öllum aldri, um allan heim, dunda sér við

Lego og árlega eru haldnar um víða veröld samkomur þar sem Lego-aðdáendur hittast og bera saman (kubba) bækur sínar.

Þegar Lego-fyrirtækið varð átrætt í ágúst 2012 tóku starfsmennirnir til gamans saman nokkrar tölur, hér skulu örfáar nefndar. Ef allir Lego-kassar sem seldir voru árið áður væru látnir þekja fimm þúsund fermetra blett, svona álíka og einn fótboltavöll, yrði þar til stafli sem væri 193 metra hár, það er álíka og 55 hæða hús.

Ef allir kubbararnir sem seldust árið 2011 væru lagðir hver við endann á öðrum myndu þeir ná rúmlega 16 sinnum umhverfis jörðina. Þetta sama ár voru alls framleiddar 340 milljónir Lego-karla og -kerlinga og ef þeim væri stillt upp hlið við hlið yrði það 7.900 kílómetra lengja, álíka og frá Billund á Jótlandi til Dallas í Texas (Lego-fólkið kom á markaðinn árið 1978). Á hverri einustu mínútu verða til í verksmiðjunni í Billund 42 þúsund hlutir og af færibandinu í þeirri sömu verksmiðju buna um það bil 1.400 kassar af Lego-dóti á hverri einustu klukkustund. Ef ársframleiðslu allra Lego-verksmiðjanna yrði safnað saman á einn stað yrði það myndarlegur haugur.

„Á hverri einustu mínútu verða til í verksmiðjunni í Billund 42 þúsund hlutir og af færibandinu í þeirri sömu verksmiðju buna um það bil 1.400 kassar af Lego-dóti á hverri einustu klukkustund.“



TOPP 5

Wislander er sá allra erfiðasti

Islenska landsliðið í handbolta stendur í ströngu þessa dagana á EM í Danmörku. Landsliðið hefur iðulega þjóðina alla á bak við sig þegar það tekur þátt í stórmótum og dramatískir sigrar og ósigrar eru þrykkir í minni þjóðarinnar. Margir frábærir handboltamenn hafa reynst okkur erfiðir í gegnum tíðina. Magnús Halldórsson fór yfir margar erfiðar minningar og valdi fimm leikmenn sem hafa verið Íslendingum sérstaklega erfiðir í gegnum tíðina. **MH**



5 ALEXANDR TÚTSJKIN (f. 1964)

Hægri skyttan öfluga er því betur hætt. Þegar hún sveiflaði vinstri hendinni var eitt svo til öruggt; boltinn var á leið í netið. Tútsjkin spilaði bara sókn, var langur og mjór en afburða skytta, hittinn og skotfastur. Þegar hann spilaði á móti Íslendingum fékk ég alltaf á tilfinninguna að það væri ekkert hægt að gera. Það dugði oft ekki að taka hann úr umferð, því hann var gríðarlega öflugur í því að skjóta eftir uppstillingu í aukaköstum. Þrír menn komu í veg fyrir að það væri hægt

að hlaupa út í hann og í ljósi þess hve langur hann var þá var erfitt að komast að honum í skotinu. Í minningunni skoraði hann alltaf leiðinlega mikið á móti Íslandi, alltaf langt utan af velli með þrumu-skotum. Tútsjkin var upp á sitt besta á árunum 1988 til 2004, var gríðarlega öflugur allan sinn feril með Sovétmönnum og síðan Rússum, sem öttu kappi við Svía um helstu titla á þessum árum. Hann varð Ólympíumeistari í Seúl árið 1988 og í Sydney árið 2000.



4 **MARC BAUMGARTNER (F. 1971)**

Baumgartner var vinstri skytta í landsliði Sviss, þegar Íslendingar mættu því nokkrum sinnum á árum áður, einkum á árunum 1990 og fram á 21. öldina. Baumgartner var sérstaklega óþolandi af því að hann var gríðarlega öflug vinstri skytta sem virtist njóta góðs af því að handbolti var mun hægari íþrótt þegar hann var upp á sitt besta. Engin hröð miðja og slíkt.

Fyrir vikið reyndu Svisslendingar iðulega að hægja á leiknum alveg niður í hið óendanlega – í það minnsta í minningunni – þar til Baumgartner tók skotið. Árið 1993 var líklega besta mót hans. Þá endaði Sviss í fjórða sæti á HM á meðan Ísland þurfti að sætta sig við 8. sætið. Baumgartner var markahæsti maður mótsins með 41 mark, flest úr föstum langskotum.



3 BJARTE MYRHOL (f. 1982)

Myrhol átti blessunarlega skelfilegan dag á móti Íslendingum á dögnum, þegar Ísland hóf leik á EM í Danmörku með því að leggja Norðmenn með sannfærandi hætti, 31-26. Myrhol er línumaður, líkamlega sterkur og baráttumaður í vörn og sókn. Það er reyndar spurning hvort það sé rétt að tala um að Myrhol sé erfiður andstæðingur strákanna okkar í ljósi þess

hvernig þeim hefur gengið að eiga við hann að undanfögnu. Vörnin hefur lokað á hann í mörgum leikjum enda íslenska liðið einfaldlega betra en það norska – hvað sem sérfræðingar í Noregi hafa um það að segja. Myrhol er fyrirhafnarsamur og rímmur íslensku varnarmannanna við hann eru erfiðar en skemmtilegar fyrir áhorfendur.





2 THIERRY OMEYER (f. 1976)

Omeyer hefur varið vel í flestum leikjum sem hann hefur spilað á móti Íslandi. Hann reyndist okkur erfiður þegar Ísland fékk silfur á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008, eftir tap gegnum Frökkum í úrslitaleik. Omeyer er líklega einhver mikilvægasti handknattleiksleikmaður sögunnar þegar ferill hans er skoðaður. Hann hefur verið einn allra besta leik-

maður franska landsliðsins, sem hefur unnið allt sem hægt er að vinna, um árabil og varið á mikilvægum augnablikum í leikjum. Gegn Íslandi hefur hann verið einkar skæður og það hefur oft verið erfitt að sitja fyrir framan skjáinn og horfa á hann verja skot strákanna okkar. Stundum raunar algjör martröð.





1 MAGNUS WISLANDER (f. 1964)

Vissulega koma nokkrir Svíar til viðbótar til greina, meðal annars hinn hárfagri Staffan Olsson, en Magnús Wislander fær hér vinninginn. Wislander var ekki aðeins erfiður viðureignar heldur oft alveg ofboðslega óþolandi fyrir andstæðinga og áhangendur þeirra, verður að segjast. Hann var gríðarlegur keppismaður, stórkostlegur í bæði vörn og sókn, þrátt fyrir að búa yfir fremur litlum hraða, skothörku

eða stökkkrafti. Hann las leikinn eins og opna bók og tók iðulega bestu ákvarðanir, fannst mér sem áhorfanda í það minnsta. Í minningunni höfðu Íslendingar sjaldnast roð við þessum magnaða leikmanni. Hann var leikstjórnandi lengst af ferlinum en færði sig inn á línuna síðustu árin. Og var framúrskarandi þar eins og á miðjunni, bæði með félagsliði og landsliði.

Átján mál send til FME úr Kauphöll

Al-Thani dómurinn er skref í rétta átt,
segir forstöðumaður eftirlitssviðs Nasdaq OMX Kauphallar Íslands




Nasdaq OMX Kauphöll Íslands vísaði átján málum til Fjármálaeftirlitsins í fyrra til frekari rannsóknar, en samtals komu 63 mál upp sem eftirlitssvið Kauphallarinnar tók til formlegrar meðferðar. Í tveimur tilvikum var málum lokið með óopinberum áminningum en athugasemdir voru gerðar í fjórtán tilvikum. Í 29 skipti var málum lokið án aðgerða. Ekki fæst uppgefið í smáatriðum um hvaða sértæku tilvik er að ræða og hvaða fyrirtæki áttu í hlut í hvert skipti, en upplýsingarnar um fjölda mála og eðli þeirra koma fram í sameiginlegri skýrslu kauphalla Nasdaq sem birt var gær.

Að sögn Baldurs Thorlacius, forstöðumanns eftirlitssviðs Kauphallarinnar, hafa mörg málanna sem komið hafa inn á borð eftirlitsins eftir hrunið og í aðdraganda þess tengst versnandi fjárhag fyrirtækja sem eru með skulda- og hlutabréf á skráðum markaði í Kauphöllinni. „Sú þróun skýrist líklega af því að hvatinn til þess að fara gegn lögum og reglum á fjármálamörkuðum eykst að jafnaði með versnandi fjárhag, sem endurspeglast í eðli þeirra mála sem afgreidd hafa verið,“ segir Baldur.


Skuldabréfavelta 2013

Upphæðir í íslenskum krónum



Hlutabréfavelta 2013

Upphæðir í íslenskum krónum



Vaxandi velta

Skráður hlutabréfamarkaður hrundi nær alveg til grunna við hrunið en hefur síðan smátt og smátt verið að vaxa með nýskráningum fyrirtækja, einkum rekstrarfélögum á innlendum markaði. Fyrirtæki eins og N1, Vodafone, Eimskip og Reginn hafa öll farið á markað eftir fjárhagslega endurskipulagningu í samstarfi við kröfuhafa. Heildarvelta á hlutabréfamarkaði í fyrra var ríflega 251 milljarður króna en velta á markaði með skuldabréf nam ríflega 1.800 milljörðum króna.

DÓMUR HÉRAÐSDÓMS Í AL-THANI MÁLINU SKREF Í RÉTTA ÁTT

Baldur Thorlacius, forstöðumaður eftirlitssviðs Kauphallarinnar, segir að dómur í málum tengdum hruninu og fyrirtækjum sem voru áður skráð á markað muni eyða óvissu og skýra hvað megi og hvað megi ekki þegar kemur að viðskiptum. „Markaðurinn hefur breyst nokkuð í kjölfar hrunsins. Aðhald fjölmiðla og almennings er virkara ásamt aukinni vitund um lög og reglur innan fyrirtækja sem starfa á markaði. Stóru hrunmálin kölluðu einnig á nýja nálgun við eftirlit. Aukin áhersla hefur verið lögð á langtímagreiningar og hefur samstarf við aðra eftirlitsaðila, s.s. FME, verið eftt. Að mínu mati er þó mikilvægt að viðbrögð við áföllum séu almenn en ekki sértæk. Sagan endurtekur sig yfirleitt ekki með nákvæmlega sama hætti og áður og því er nauðsynlegt að vera ekki alltaf að bregðast við því sem gerðist í fortíðinni heldur reyna að vera skrefi á undan.

Þó er mikilvægt að niðurstaða fái stóru hrunmálin og er nýlegur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í hinu svokallaða Al-Thani máli að mínu mati skref í rétta átt. Með dómafordæmum verða leikreglurnar skýrari, en fyrir hrun voru þau takmörkuð. Það má því segja að við gætum staðið uppi með þroskaðri markað eftir að þessum málum hefur verið lokið. Ég tel kekkert standa í vegi fyrir því að hér sé hægt að starfrækja fyrsta flokks markað, sem byggir meðal annars á þeirri umgjörð og þeirri reynslu sem er til staðar innan Nasdaq OMX. Í því samhengi má nefna að nýverið var stofnuð óháð viðurlaganefnd að fyrirmynd frá systurkauphöllum í Finnlandi og Svíþjóð, sem mun ákvarða viðurlög í málum er varða alvarlegri brot á reglum Kauphallarinnar. Að mínu mati mun þetta fyrirkomulag styrkja innviði og efla eftirlit enn frekar.“



Niðurskurður stöðvar atvinnu- uppbyggingu

Afturköllun IPA-styrkja orsakar óvissu um tugmilljóna uppbyggingu



ATVINNUMÁL

María Skúladóttir,
Jónína Sif Eypórsdóttir,
Guðrún Óla Jónsdóttir
og Edda Sif Pálsdóttir

Tugmilljóna uppbygging víða á landsbyggðinni er í óvissu eftir niðurskurð fjárveitinga til íslenskra samkeppnissjóða og nýsköpunarfyrirtækja og afturköllun svokallaðra IPA-styrkja. Þetta hefur komið illa við einstaklinga og fyrirtæki sem unnið hafa að verkefnum sem miða að því að efla atvinnu- starfsemi, nýsköpun og verðmætaaukningu afurða í heima- byggð. Niðurskurðurinn er á skjön við [stefnuyfirlýsingu](#) ríkisstjórnarinnar frá í vor.

Þar kemur meðal annars fram að mikilvægt sé að stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land og vilji ríkis- stjórnarinnar sé að treysta byggð, auka verðmætasköpun og fjölga störfum úti á landi. Matís er eitt þeirra fyrirtækja sem gert höfðu áætlanir um enn frekari uppbyggingu á lands- byggðinni en þarf nú að draga saman seglin vegna breyttra aðstæðna í Evrópusambandsmálum. Óljóst er hvað verður um þau verkefni sem ráðist átti í.

Samkvæmt [IPA-landsáætlun](#) fyrir árið 2012 fékk Matís samþykka fjárveitingu upp á tæplega 1,5 milljónir evra, eða tæpar 240 milljónir íslenskra króna, í verkefni tengd at- vinnu- og byggðaþróunarmálum. Matís átti að fá styrk fyrir þrjú verkefni í nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á lands- byggðinni. Um 79 milljónir áttu að renna í þörungagarð á Reykjanesi, 80 milljónir í uppsjávarsmiðju á Austurlandi og um aðrar 80 milljónir átti að nota í umhverfisvæna nýsköpun á Breiðafjarðarsvæðinu.

Nú hafa aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið hins vegar stöðvast og því verður ekkert úr IPA-fjármögnun til þeirra íslensku verkefna sem voru á landsáætlun.

Sérhæfing í auknu virði

Matís hefur meðal annars sérhæft sig í að auka virði sjávar- fangs. Til stóð að hefja mikla uppbyggingu á Snæfellsnesi og Patreksfirði í tengslum við fiskeldi í Breiðafirði og þegar höfðu verið hafnar rannsóknir sem miðuðu að því að há- marka nýtingu fódurs. Slíkt getur skapað umtalsverð verð- mæti í fiskeldi. Auk þess hafa líftækni rannsóknir á svæðinu



alþjóðlega skírskotun, en Íslendingar standa framarlega í líftæknirannsóknum og hefur líftæknismiðja Matis á Sauðárkróki eftl slíkar rannsóknir. Í kringum þessa starfsemi hefði getað byggst upp kröftug atvinnustarfssemi á Patreksfirði og Snæfellsnesi en ljóst er að ekkert verður úr því á meðan fjárveitingar liggja ekki fyrir.



Utanríkisráðherra

Gunnar Bragi Sveinsson hefur gagnrýnt Evrópusambandið harðlega fyrir að draga IPA-styrki til baka.

Annað verkefni sem komið er í biðstöðu er uppbygging uppsjávarsmiðju (e. Pelagic Center of Excellence) í samstarfi við fyrirtæki og sveitarfélög á Austurlandi en sjálft þekkingarsetrið átti að vera í Neskaupstað. Hugmyndafræðin að baki uppsjávarsmiðju er að stunda markvissar rannsóknir á uppsjávarafli Íslendinga og vöruþróun á afurðum úr uppsjávarfiski.

Fullvinnsla skapar verðmæti

Á heimasíðu Matis kemur fram að fullvinnsla fisks hafi skapað mikil verðmæti hér á landi og árangurinn sé talsvert meiri en hjá samkeppnisþjóðum okkar. Tekið er dæmi um mun á afla-nytingu Íslendinga og Norðmanna sem nemur um 16 prósentum. Á Íslandi fást 570 kíló af

afurðum úr einu tonni af þorski en sama magn skilar Norðmönnum aðeins 410 kílóum. Þarna munar 160 kílóum á hverju tonni. Norðmenn hefðu getað aukið virði heildarafla síns úr Barentshafi um 21 milljarð íslenskra króna á þessu ári með því að tileikna sér aðferðir Íslendinga við fullvinnslu fiskafurða.

Byggðarþróunarverkefni á borð við þau sem nefnd hafa verið geta reynst mikil lyftistöng fyrir smærri samfélög. Þau eru atvinnuskapandi og það hefur keðjuverkandi áhrif á samfélagið allt. Fólk flyst til staðarins en ekki frá honum og skólarnir og aðrar atvinnugreinar eflast, eins og til dæmis þjónustuiðnaðurinn. Á þeim stöðum þar sem uppbygging af þessu tagi lá í loftinu sáu einstaklingar og fyrirtæki fram á bjarta tíma þar sem slík verkefni geta verið stökkpallur til varanlegrar verðmætasköpunar á Íslandi.



Þyngri rekstur í nýsköpun

Íslensk nýsköpunarfyrirtæki þurfa þó ekki einungis að sjá á eftir erlendum fjárveitingum heldur hefur einnig verið skorið niður fjármagn til innlendra samkeppnissjóða, sem þyngir rekstur nýsköpunarfyrirtækjanna. Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, segir að fyrirtækið muni leita allra leiða til að fjármagna þau verkefni sem hafi verið á teikniborðinu. „Við munum væntanlega reyna að fjármagna að minnsta kosti hluta verkefnanna í gegnum samstarf við fyrirtæki annars vegar og sókn í samkeppnissjóði hins vegar. Þar verður á hinn bóginn að taka með í reikninginn að fjármagn í samkeppnissjóði hefur verið skorið verulega niður frá árinu 2013, sér í lagi í AVS-sjóðinn miðað við fyrirliggjandi frumvarp til fjárlaga. Sá sjóður hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki við að auka verðmæti sjávarfangs, en öll verkefni snertu sjávarfang með einum eða öðrum hætti.“

„Nú þegar hefur starfsstöðvum á landsbyggðinni verið lokað og óvíst er um framtíð annarra þar sem ráðgert var að þessi stóru IPA-verkefni myndu styðja við aðra atvinnustarfsemi.“

Þrátt fyrir að IPA-styrkirnir hafi verið ætlaðir til afmarkaðra verkefna er ljóst að brotthvarf þeirra hefur víðtæk áhrif. Nú þegar hefur starfsstöðvum á landsbyggðinni verið lokað og óvíst er um framtíð annarra þar sem ráðgert var að þessi

stóru IPA-verkefni myndu styðja við aðra atvinnustarfsemi. Sveinn segir mikilvægt að horfa á rekstur fyrirtækja eins og Matís sem eina heild. „Matarsmiðjurnar gegna lykilhlutverki í aðstoð við frumkvöðla og auk þess gera þær stærri fyrirtækjum kleift að prófa nýjar vörur.“

„Í Breiðafjarðarverkefninu og Austfjarðaverkefninu, Uppsjávarsmiðjunni, var um umtalsverða vöruþróun að ræða. Þar hefðu matarsmiðjurnar nýst með beinum hætti, sér í lagi á fyrstu stigum verkefnanna. Við höfum lagt mikla áherslu á að koma vörum á markað út úr verkefnum okkar og þannig var ætlunin að skapa samfellu innan þeirra.“

Þurfa að endurskipuleggja starfsemina

Oddur Már Gunnarsson, sviðsstjóri viðskiptaþróunar hjá





Matís, segir fyrirtækið þurfa að bregðast við breyttum forsendum með því að endurskipuleggja starfsemi sína. „Við höfum þegar dregið umtalsvert úr starfsemi okkar á Ísafirði og á Akureyri og nokkur verkefni eru í biðstöðu, auk þess sem við þurfum að loka starfstöðinni á Grundarfirði.

Eins og sakir standa þurfum við að einbeita okkur að okkar lögbundna hlutverki, sem snýr að mælingum og eftirliti með matvælum. Matís er rekið án hagnaðarmarkmiða og því getum við ekki leitað í okkar eigin sjóði. En við erum lausnamiðað fyrirtæki og gefumst ekki upp á markmiðum okkar. Þess í stað leitum við nýrra leiða til að fjármagna þau verkefni sem við viljum standa fyrir.

Við höfum staðið fyrir góðum verkefnum sem hafa vakið áhuga og verið heimabyggðum sínum til framdráttar. Því er erfitt að útskýra fyrir áhugasömum og öflugum smáframleiðendum af hverju við erum til dæmis ekki lengur með starfsmann á Höfn, þar sem matarsmiðjan hefur gengið frammar björtustu vonum og afurðir þaðan fengið alþjóðleg verðlaun.“

Sveinn segir þetta ekki einungis koma illa við fyrirtæki á borð við Matís, sem staðið hafa í uppbyggingu á landsbyggðinni. „Brotthvarf þessara verkefna er fyrst og fremst áfall fyrir heimabyggð og hagsmunaaðila.“



SJÖ SPURNINGAR

Rún Ingvarsdóttir

fréttakona á RÚV

Deildu með
umheiminum



Hvernig ertu í dag?

Hress.

Hvað á að gera um helgina?

Fara á sýningu með Mið-Íslandi, njóta samverustunda með dætrum mínum og hitta nýfæddan bróðurson minn.

Hefur þú séð einhverjar góðar bíómyndir nýlega?

Blue Jasmine hreif mig. Skil vel af hverju Cate Blanchett hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir leik sinn.

Svo velur Woody Allen alltaf svo góða tónlist í myndirnar sínar. Einnig hafði ég gaman af Málmaus. Hún var bæði sorgleg en jafnframt mjög myndin. Svo hlakka ég til að sjá Philomena því ég er aðdáandi Steve Coogan.

Hvaða sjónvarpsþættir eru í mestu upphaldi hjá þér þessa dagana?

Síðustu þættir sem ég datt algjörlega inn í voru House of Cards með Kevin Spacey. Bíð spennt eftir næstu þáttaröð. Svo hef ég gaman af spjallþætti Grahams Norton á BBC og 30 Rock. Það slá fáir Tinu Fey við.

Hvaða bók eða bækur ertu að lesa núna?

Ég er að lesa bókina Her: A Memoir eftir Christu Parravani. Tvíbura-systir mín gaf mér bókina. Þetta er ævisaga rithöfundarins sem missti tvíburasystur sína úr eiturfjafneyslu. Áhrifarík bók, sérstaklega fyrir tvíbura.

Hvernig telur þú að karlandslíðinu í handbolta eigi eftir að vegna á EM?

Hmmm... vel.


Af hverju í samfélaginu hefur þú mestar áhyggjur í dag, og hvers vegna?

Ég hef ákveðnar áhyggjur af því hversu margir strákar virðast ekki njóta sín í skólakerfinu eins og það er núna. Einnig af háu brottfalli ungra innflytjenda úr framhaldsskólum. Svo held ég að annað rigningarsumar myndi ekki fara vel í þjóðina.



BÍÓ★PARADÍS


BORGSMAN



„LÚMSK, LÁGSTEMMD OG BRÁDSKEMMTILEG“ - VARIETY



kjarninn 16. janúar 2014



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Hannes Jón Jónsson handknattleiksmaður

Handboltakappi í lífshættu



Handboltakappinn og fyrrverandi landsliðsmaðurinn Hannes Jón Jónsson hefur iðkað íþrótt sína sem atvinnumaður erlendis um árabíl. Hann hefur átt farsælum ferli að fagna með liðum í Danmörku, Noregi, Spáni og Þýskalandi, en atvinnumannaferillinn hófst af alvöru árið 2005.

Hann býr nú ásamt eiginkonu sinni Hörpu Jóhannsdóttur og tveimur börnum, Sólveigu Birtu sem er fjögurra ára og Jóhanni Úlfi sem er tveggja ára, í bænum Eisenach í Þýskalandi þar sem hann leikur með samnefndu handknattleiksliði bæjarins. Bærinn er nánast í miðju landsins, í svokölluðu auga Þýskalands, og telur um fimmtíu þúsund manns sem styðja dyggilega við bakið á handboltaliðinu. „Það er mikil stemning í kringum liðið, enda er handboltinn eiginlega það eina sem bærinn hefur fyrir utan Opel-verksmiðjuna,“ segir Hannes.

Hannes Jón er nú að spila annað tímabil sitt með Eisenach. Hann var kjörinn besti leikmaður deildarinnar á síðasta tímabili, en þá tryggði liðið sér sæti í efstu deild, Bundesligunni. Hannes lék um tíma sem fyrirliði liðsins eftir að aðalfyrirliði liðsins meiddist.

Á batavegi eftir krabbamein

Frammistaða Hannesar með Eisenach á síðasta tímabili er einstök í ljósi þess að hann greindist með krabbamein á haustmánuðum árið 2012, en þrjú illkynja æxli voru fjarlægð úr þvágblöðru hans í október það ár. Hannes lét veikindin og lyfjagjöf í kjölfarið ekki aftra sér og sneri aftur á völlinn í byrjun árs 2013. Hann er undir stöðugu eftirliti lækna vegna krabbameinsins.

„Staðan er bara mjög góð. Ég er í fimm ára prógrammi og á fjögur skipti eftir í lyfjagjöf. Ég fer á þriggja mánaða fresti í tékk, er svæfður og skoðaður í bak og fyrir. Ef allt gengur vel mun eftirlitið breytast þannig í haust að framvegis mæti ég á sex mánaða fresti í tékk. Þannig verður fyrirkomulagið svo í þrjú ár. Ef krabbameinið helst niðri að þeim tíma liðnum, eða fimm ár eftir aðgerðina eru líkurnar á að ég fái



Á batavegi

Hannes er undir stöðugu
eftirliti lækna í Þýskalandi
vegna krabbameinsins.



meinið aftur hverfandi og í raun þær sömu og að heilbrigður einstaklingur fái krabbamein.“

Hannes er gríðarlega þakklátur fyrir að hafa verið búsettur í Þýskalandi þegar veikindin létu á sér kræla. „Ég er eiginlega ekki jafn þakklátur fyrir neitt í heiminum. Ég hef svo sem ekki nýtt mér mikið heilbrigðiskerfið heima á Íslandi, fyrir utan að fæðast þar, en það eru á sveimi alls kyns draugasögur um heilbrigðisþjónustuna þar. Þegar þeir fundu eitthvað inni í mér hér, sem þeir vissu meira að segja ekki hvað var þá, var ég kyrrsettur á spítala og fékk ekki einu sinni að fara með bílinn heim til konunnar. Umönnunin og eftirfylgnin hér hefur verið algjörlega framúrskarandi,“ segir Hannes.

„Ég át verkjalyf til að halda verkjum niðri og þjösnaðist á búknum til að koma honum í gang.“

Mistök sem hefðu getað orðið dýrkeypt

En þrátt fyrir öflugt heilbrigðiskerfi í Þýskalandi geta alls staðar orðið mistök. Ein slík á sjúkrahúsinu í Eisenach hefðu getað orðið afdrifarík, því þau leiddu til þess að Hannes var nær dauða en lífi.

Hannes hefur líkt og margir aðrir handboltamenn verið að kljást við meiðsli í öxlum. Hægri öxlin á honum var til að mynda skorin upp árið 1998. „Það eru allir handboltamenn með eitthvert axlavesen. Eftir veikindin í fyrra fór ég aftur af stað á milljón. Ég át verkjalyf til að halda verkjum niðri og þjösnaðist á búknum til að koma honum í gang. Mér var helvíti illt í öxlinni og læknar sáu að þar var einhver skemmd en mér var ráðlagt að láta ekki skera í hana fyrr en að loknum ferlinum. Hættan væri sú að öxlin myndi missa styrk eftir aðgerð, og maður er ekkert að hætta á slíkt þegar farið er að síga á síðari helminginn á ferlinum.“

Hannes tók verkjalyf til að halda meiðslunum niðri en var síðan sprautaður í öxlina í desember, nánar tiltekið á laugardegi. Þá var verkurinn í öxlinni farinn að há Hannesi mjög mikið. Hann hélt svo til Minden sama dag í heimsókn til línumannsins Vignis Svavarssonar, féлага síns úr landsliðinu, ásamt syni sínum.





Þrálát meiðsli

Hannes hefur í gegnum tíðina átt við þrálát meiðsli að etja í öxl, eins og margur handknattleiksmaðurinn.

„Á sunnudeginum fór verkurinn vaxandi þannig að ég ákvað að leggja fyrir af stað heim. Á leiðinni ágerðist hins vegar verkurinn svo mikið að ég átti í mestu erfiðleikum með að halda meðvitund við aksturinn vegna sársauka,“ segir Hannes, en um 300 kílómetrar skilja Minden og Eisenach að. „Þegar ég nálgaðist húsið þurfti ég að hringja í Hörpu til að hjálpa mér inn með Jóa, því ég gat ekki gert neitt. Ég var gjörsamlega að drepast.“

Lítið varð úr svefni hjá Hannesi þessa nótt vegna sársauka og því varð úr að hann fór á sjúkrahúsið strax morguninn eftir. Þar var ákveðið að leggja hann inn. „Þegar ég hef komið á sjúkrahúsið í krabbameinsmeðferðina hef ég fengið að vera á mjög þægilegri stofu á krabbameinsdeildinni. Til þess að koma sem minnstu raski á fjölskylduna, fyrst það átti að leggja mig inn, bað ég um að fá að vera á þessari stofu.“

Hannes var færður á stofuna, þar sem hann beið eftir að fá lækniástoð. Þar var honum reglulega gefið morfín til að halda sársaukanum niðri. En aldrei kom lækni. „Ég var í hálfgerðu móki og bað um að það kæmi læknir að skoða mig.“



Hjúkrunarfræðingarnir sögðu mér alltaf að það væri læknir væntanlegur en svo leið dagurinn og nóttin. Á þriðjudeginum var ég orðinn svo kvalinn og lyfjaður að ég gat varla á mér tekið.“

Svo virðist sem að Hannes hafi fallið á milli stafs og hurðar á sjúkrahúsinu. Læknar á bráðavaktinni virðast hafa gleymt honum, enda búið að færa hann yfir á aðra deild, og læknar á þeirri deild álitu að hann væri í umönnun bráða-deildarinnar. Heill sólarhringur leið til viðbótar áður en Hannes fékk viðunandi meðferð. „Konan kom í heimsókn og furðaði sig á því að ég væri enn svo illa á mig kominn. Við hringdum á miðvikudagsmorguninn í lækninn minn

í Hannover, sem varð alveg rasandi og skipaði okkur að pakka saman og koma yfir til sín þar sem ég færi umsvifalaust í aðgerð,“ segir Hannes.

Það var þá, þegar starfsfólk sjúkrahússins varð þess áskynja að fararsnið væri á Hannesi, að upp

komst um mistökin. Læknir af sjúkrahúsinu kom loksins og sendi Hannes í bráðaaðgerð án tafar, en þá var Hannes orðinn afar illa haldinn. Sársaukann mátti rekja til mjög svæsinnar ígerðar í hægri öxl Hannesar. Öxlin var opnuð, mikið magn af greftri fjarlægt og meiðslin sem höfðu háð honum lagfærð. „Eftir aðgerðina kom læknirinn til mín og spurði mig hvort ég hefði gert mér grein fyrir því hversu mikilli lífshættu ég hefði verið í. Hann sagði ungan aldur og gott ástand líkamans hafa orðið mér til happs.“

Horfir björtum augum á framtíðina

Aðgerðin heppnaðist vel en Hannesi var gert að dvelja tólf daga á sjúkrahúsinu eftir aðgerðina. Nú tekur við ströng endurhæfing hjá Hannesi. Hann vonast til að geta farið að spila handbolta að nýju í mars. Það eru gleðifréttir fyrir liðsfélaga hans sem há mikla baráttu fyrir tilveru sinni í Bundesligunni, en liðið er sem stendur í fallsæti.

„Núna er bara heilsan númer eitt, tvö og þrjú. Maður vill

„Eftir aðgerðina kom læknirinn til mín og spurði mig hvort ég hefði gert mér grein fyrir því hversu mikilli lífshættu ég hefði verið í.“





Feðgar

Hannes Jón og sonur hans Jóhann Úlfur, sem er tveggja ára.

auðvitað ekkert hljóma eins og einhver klisja, en það verður bara að vera aðaltakmarkið að ná heilsu og bara á þeim tíma sem það þarfnast. Mér er slétt sama þótt það kunni að taka lengri tíma en einhverjir aðrir gera sér vonir um.“

Samningur Hannesar við Eisenach rennur út að loknu yfirstandandi leiktímabili. Hann segir framtíðina óljósa en horfir bjartsýnum augum á framtíðina. „Læknar segja mér að það séu alveg möguleikar á því að öxlin verði jafnvel bara betri eftir þessa aðgerð. Það eru dæmi um að boxarar og fjallahjólreiðamenn hafi farið í svona aðgerð og bara orðið betri á eftir, og það er nú heldur betur axlaálagið hjá þeim mönnum. Maður er auðvitað ekkert heitasta söluvaran í heiminum eftir veikindin og nú þetta, en maður veit aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér. Mestu máli skiptir núna að ná sér góðum, og tryggja það að maður hafi nú líka getu til að fara í laxveiði og fíflast eitthvað á vélsleða og svoleiðis í sveitinni þessi ár sem maður á eftir ólifðu.“

Við sjáum um þitt
tölvukerfi – 24/7



Snjallari lausnir & betri þjónusta

Við sjáum um hýsingu og rekstur á tölvukerfi þíns fyrirtækis
og veitum betri þjónustu allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Vertu með
Alt undir Ctrl

kjarninn 16. janúar 2014

Síðbúið svar við pungsparki

Sigurður Örn Ágústsson skrifar um endurreisnarskýrslu Sjálfstæðisflokksins og hvernig Davíð Oddsson henti henni til hliðar

Ávormánuðum 2009 fékk ég (ásamt flestum fundarmönnum á landsfundi Sjálfstæðisflokksins) pungspark frá Davíð Oddssyni, fyrrverandi formanni flokksins og ritstjóra. Nú ætla ég að gera tilraun til að rétta minn hlut.

Nú kann einhverjum að finnast ég vera óvanalega seinn til svars eftir þetta pungspark Davíðs, en það vita þeir sem hafa fengið spark í pung, að það tekur tíma að jafna sig. Svo er hitt, að ég áleit sem svo að kannski væri þetta bara rétt hjá Davíð, landsfundarfulltrúar og breiðfylking sjálfstæðismanna hefði gert rangt í að samþykkja skýrslu Endurreisnarnefndar flokksins á landsfundi. En nú sé ég að svo var ekki.

Það sem ég veit en Davíð ekki

Þegar ég var lítill drengur fannst mér bæði gaman og sniðugt að segja óspurður að við pabbi vissum allt í heiminum. Þá var ég gjarnan spurður um eitthvað, og ef ég vissi ekki svarið sagði

ég hróðugur: „Þabbi veit svarið við þessu.“ Nú vill þannig til að ég og Davíð Oddsson, fyrrum landsfaðir og núverandi ritstjóri, vitum allt – það sem ég ekki veit (og það er margt) virðist hann vita. Hann er með svar við flestu. Til að flýta fyrir ætla ég að tína til það helsta sem ég veit en ekki hann.

Við Davíð höfum aldrei ræðst við þó að ég hafi kosið hann á sínum tíma og við stutt sömu stjórnmalastefnuna, hann í

„Á fundi sjálfstæðismanna í lok janúar 2009, sem boðað var til á Grand Hotel í kjölfar stjórnarslita, var ekki mikla auðmýkt að finna hjá forystusveit flokksins.“

framvarðarsveit en ég sem atkvæði. Ég hóf afskipti af stjórnmalum í janúar 2009 því að mér fannst, eins og mörgum sjálfstæðismönnum þá, með ólíkindum að forystusveit flokksins tæpti hvergi á því einu orði að hugsanlega hefði flokkurinn gert mistök sem hefðu stuðlað að, leitt til eða aukið við þann mikla vanda sem hrunið var. Á fundi sjálfstæðismanna í lok janúar 2009, sem boðað var til á Grand Hotel í kjölfar stjórnarslita, var ekki mikla auðmýkt að finna hjá forystusveit flokksins. Mér fannst þessi nálgun vera röng og taldi að ef ekki yrði beygt af þessari „við gerðum ekki neitt vitlaust“ leið myndi flokkurinn og sú stefna sem hann á að túlka

fá lítið fylgi í kosningum og við myndum vinna okkur hægar en efni stæðu til úr vandanum. Sú varð og raunin.

Á fyrrnefndum fundi setti Geir H. Haarde á laggirnar Endurreisnarnefnd og fékk Vilhjálm Egilsson til forystu. Þetta veit Davíð Oddsson. En hitt veit hann kannski ekki að ég hitti Vilhjálm á þessum fundi og sendi honum í tölvupósti sex síðna samantekt atriða sem ég taldi að flokkurinn þyrfti að viðurkenna opinberlega að gera hefði mátt betur. Horfa inn á við. Að það væri frumforsenda til að öðlast traust fólks í landinu að nýju að mæta í kosningar með uppgerða fortíð í farteskinu, sýna auðmýkt og læra af reynslunni. Þetta skrifaði ég Vilhjálmni meðal annars:

„Ég er þeirrar skoðunar að nú verði að fara fram uppgerð við fortíðina. Ísland er svo gott sem gjaldþrota og við sjálfstæðismenn vorum skipstjórar, svo notað sé vinsælt

myndlíkingamál úr sjómennskunni. Ég trúi því að það sé af hinu góða fyrir flokkinn að fara þessa leið. Getur þá engu skipt hvern eða hverja þau atriði sem hér að neðan eru nefnd snerta. Sjálfstæðisflokkurinn verður að vera hafinn yfir persónur og leikendur, hann er til fyrir fólkið í landinu en ekki fyrir fólkið sem um stund er í framvarðarsveit hans.“

Nýr tónn: gagnrýni

Ég bauð fram krafta mína. Vilhjálmur tók mér vel og fól mér, sem aldrei hafði starfað innan Sjálfstæðisflokksins, að stýra þeim hópi sem fjallaði um „uppgjör og lærdóm“. Hinir hóparnir þrír voru: „Hagvöxtur framtíðar“, „Atvinnulíf og fjölskyldur“ og „Samkeppnishæfni“. Þessir þrír kaflar fengu ekki jafnmikla umfjöllun og sá fyrsti. Enda kvað þar við nýjan tón: gagnrýni.

Í þeim hópi sem ég fór fyrir tóku þátt um 50 sjálfstæðismenn, sem höfðu allir verið virkir í starfi flokksins. Við

„Sjálfstæðisflokkurinn verður að vera hafinn yfir persónur og leikendur, hann er til fyrir fólkið í landinu en ekki fyrir fólkið sem um stund er í framvarðarsveit hans.“

nálguðumst verkið þannig að bréf mitt til Vilhjálms varð beinagrind okkar framlags. Eftir að hafa setið um 20 fundi, þar sem til voru kallaðir aðilar sem höfðu innsýn eða sérfræðiþekkingu á þessum málum, og reynt að sannreyna fullyrðingar sem við töldum nauðsynlegt að kæmu fram var ágreiningur um hve berort framlag okkar ætti að vera. Engin ástæða væri til að færa pólitískum andstæðingum okkar vopn í hendur, auk þess sem við kynnum að stygga fyrrverandi forystusveit flokksins með skrifum okkar. En sú skoðun varð ofan á að segja hlutina bara eins og þeir eru. Til dæmis að segja berum orðum

að það hafi verið pólitísk mistök að einkavæða bankana með þeim hætti sem gert var. Ég held að meira að segja framsóknarmenn séu sammála því, flestir.

Fólk brást, ekki stefnan

Heildarniðurstaðan var að fólk hefði brugðist en ekki stefnan. Enda er ekkert í stefnu Sjálfstæðisflokksins né landsfundar-

ályktunum um að afhenda beri eftir flokkslínunum sérvöldum gæðingum ríkiseignir fyrir lítinn pening – þvert á samþykkt ferli. Ég er sannfærður um að þessi niðurstaða okkar stenst skoðun. Ég var sérstaklega ánægður með að Vilhjálmur reyndi ekki að hafa áhrif á niðurstöður okkar eða efnistöð, og það efldi mig í þeirri trú að hugsanlega væri hægt að hafa áhrif

þótt maður hefði ekki farið í hundrað partí með ungum sjálfstæðismönnum eða unnið fyrir og með atvinnupólitíkusum flokksins.

Þessi skýrsla fékk meiri athygli en margur hugði, og þá sérstaklega kaflinn um uppgjör og lærdóm. Fyrstu viðbrögð Geirs H. Haarde við skýrslunni og innihaldi hennar voru að spyrja hver þessi maður (ég) væri eiginlega – hann þekkti mig ekki neitt. Maðurinn, ekki boltinn. Viðbrögð Davíðs voru þau að gera hana að umtalsefni í skemmtidagskrá á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 2009.

Pungspark í alla þá sem höfðu lagt á sig mikla vinnu til að gera flokksnum gagn, rétta af kúrsinn, leiðréttu augljóst rugl og reyna að marka flokksnum stefnu til framtíðar.

Þetta voru kaldar kveðjur, en kannski að einhverju leyti skiljanlegar, frá manni sem bar ábyrgð á mörgum þeirra ákvarðana sem annaðhvort voru teknar eða voru ekki teknar.

Flokkurinn verður að viðurkenna mistök

En eitt af því sem Davíð veit ekki, eða skilur ekki, er að til að hann og Sjálfstæðisflokkurinn fái notið sannmælis og fái viðurkenningu á því að í stjórnartíð hans varð mikil og góð uppbygging grunnþjónustu, innviða samfélagsins, ríkissjóður varð skuldlaus að kalla, á margan hátt ríkti velmegun og velsæld – þá verður líka að tala hreint út um mistök og rangar ákvarðanir.

Því það er rétt að það var margt mjög gott gert í 18 ára samfeldri stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins. Ef við sjálfstæðismenn tölum ekki skýrar og hærra um þessi mál, þá fáum við

„Enda er ekkert í stefnu Sjálfstæðisflokksins né landsfundarályktunum um að afhenda beri eftir flokkslínunum sérvöldum gæðingum ríkiseignir fyrir lítinn pening – þvert á samþykkt ferli.“

ekki að njóta þess góða sem flokkurinn gerði fyrir landið og getur gert fyrir landið. Flokkurinn mun ekki fá meira en 24-28 prósent í kosningum og áhrifin til að móta samfélagið eftir sjálfstæðisstefnunni verða því lítil. Sjálfstæðismenn eru langtum fleiri en 28 prósent þjóðarinnar, en þá er nú búið að hrekja í aðra flokka – þeir hafa misst (vonandi tímabundið) trúna á framvarðarsveit Sjálfstæðisflokksins. Í síðustu alþingiskosningum galt flokkurinn afhroð, fékk 26,7 prósent atkvæða, og það í kjölfar einnar óvinsælustu ríkisstjórnar á bygðu bóli. Afhroð.

„Gjör rétt, þol ei órétt“

Núverandi forysta flokksins verður líka að hafa kjark til að horfast í augu við raunveruleikann. Vera tilbúin að tala um hann umbúðalaust. Það mun verða erfitt að heyra fyrir Davíð, Kjartan Gunnarsson og marga, marga fleiri. Ekki bara þá sem stóðu í brúnni, heldur líka hina sem fylgdu. Líka mig, sem kaus þessa menn. En satt er satt og þrátt fyrir allt er eitt af grunnildum Sjálfstæðisflokksins. „Gjör rétt, þol ei órétt“.



Smelltu til að sjá skýrslu Endurreisnarnefndar Sjálfstæðisflokksins

Samandregnar helstu niðurstöður hóps um uppgjör og lærdóm um hvar sjálfstæðismenn hefðu getað gert betur

- Einkavæðing bankanna. Óumdeilt er að rétt hafi verið að einkavæða þá banka sem voru í eigu ríkisins árið 2002. Með því leystist úr læðingi kraftur sem var atvinnulífínu nauðsynlegur. Pólítísk fyrirgreiðsla skyldi líða undir lok og skilvirkni markaðarins ráða. ... Mjög er hins vegar gagnrýnt hvornig var staðið að einkavæðingu þessara tveggja banka. Ferlið var ógagnsætt og hagstæðari tilboð fyrir ríkissjóð á alla hefðbundna mælikvarða voru sniðgengin. Ekki var fylgt upphaflegri aðferðafræði, svo sem um dreifða eignaraðild. Bankarnir lentu, að einhverju marki eftir pólítískum línunum, í höndum aðila sem voru reynslulitlir í bankastarfsemi (alþjóðlegri sérstaklega).
- Peningamálastefnan. Verðból gumarkmið SÍ, frá 2001, hefur aldrei náðst. Hagkerfið er lítið og opið og gjaldmiðillinn örsmár burði. V en ekki tölu. Ve mál frá árin 200
- Uppgan Stjórnvís bruggu: stækkun leyfðu ó auka eig varagjal
- Ábyrgði

Það sem Davíð veit en ég ekki

Framvarðarsveit Sjálfstæðisflokkins fyrir „hið svokallaða hrun“ var framkvæmdaglöð, tók af málum af festu og gerði margt. Eins gildir um þá og alla aðra sem gera margt, að þeir gera líka mistök. Það er ekki augljóst að allt af því sem við nefndum þá og ég tíni til hér að neðan hafi verið fyrirsjáanleg mistök. En það er best að kalla hlutina sínu rétta nafni.

Ég veit að Davíð Oddsson er ekki bara einhver maður og það sem hann segir hefur enn áhrif, en merkjanlega dvínandi. Það var ekki bara einhver maður sem sagði alla mína vinnu, og fjölda annarra sjálfstæðismanna, vera einskis virði. Það var fyrrverandi formaður flokksins. Var það vegna þess að einhverjir voguðu sér að gagnrýna hann? Þetta er eitt af því sem Davíð veit en ég ekki.

Í stuttu máli held ég að Sjálfstæðisflokkurinn hefði unnið glæsilegan sigur í síðustu alþingiskosningum þó ekki hefði verið nema fyrir að tala hærra og skýrar um okkar eigin mistök – reiðubúin að læra af þeim og gera betur. Það skiptir litlu hvað forystu flokksins finnst – kjósendur ráða.



UM HÖFUNDINN

Sigurður Örn Ágústsson

Höfundur er 2. varðingmaður sjálfstæðisflokksins fyrir NV-kjördæmi og sat í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins frá 2009–2013.

Ég heiti Auður, ég er Facebook-fíkill

Auður Jónsdóttir skrifar um Austur-Þýskaland nútímans, Facebook-notkunina og hvernig hinir ósýnilegu skrásetjarar hafa áhrif á líf okkar

Ég er hætt á Facebook. Allavega í bili, nema þá að þessi pistill valdi slíkri spennu í innra lífi net-fíkilsins að ég fyllist knýjandi þörf fyrir að byrja strax aftur bara því ég sagðist vera hætt. Ég vona ekki.

Ég hef einu sinni áður reynt að hætta og hélt bindindið út í viku. En þá fann ég fyrir fráhrarfseinkennum strax á fyrsta degi, innst inni langaði mig alls ekki til að hætta. Mig langaði að vera áfram í partíinu með öllum hinum; rugla þar og röfla, skandalísera með yfirlýsingum sem halda ekki vatni, fara á trú nó með ókunnugum, hnakkrífast við mína nánustu um borgarskipulag, flugvöllinn, efnahagsmál – eða hvað það nú er hverju sinni. Já, mig langaði að rífast við þá sem mér þykir vænt um en deila myndum af barninu mínu með prófílum undir torkennilegum heitum sem ég hef samþykkt sem vini því í hégóma mínum er ég svo hrædd um að þeir gætu mögulega verið í einhverjum lesklúbbnum sem

bauð mér einhvern tímann eitthvert út á land að lesa upp úr nýrri bók og ég gæti móðgað aldrað, fjarskylt góðmenni (hugsanlega veikt í ofanálag) með því að samþykkja ekki vinskapiinn. Þannig læt ég ókunnugu manneskjuna, sem gæti þess vegna verið barnaníðingur í næsta húsi, njóta vafans þegar ég opinbera allt mitt fyrir henni. Prófill eða pedófill, þar liggur efinn.

Lífshættuleg fíkn

Kannski stenst ég ekki freistinguna, ég er jú eftir allt saman fíkill, ef eitthvað er að marka alheimsnetið. Ég þurfti ekki annað en að gúggla Facebook+addiction til að rekast á kunnugleg einkenni á nokkrum sekúndum. Satt að segja hef ég ekki notið fíknar eins ákaft og innilega síðan ég hætti að reykja fyrir átta árum. Það tókst eftir nokkrar tilraunir, áskorunin felst í því að halda sínu striki, þrátt fyrir fallið.

Almenn einkenni Facebook-fíkla í prófunum á netinu hljóma sakleysislega í samanburði við ruglið sem ég hef staðið sjálfa mig að á áðurnefndri samskiptasíðu. Ég þekki til dæmis engan annan sem hefur stefnt lífi sínu og ófæðs barns síns í voða með statusfærslu.

Ólétt í aksjón

Á síðustu vikum óléttunnar þjáðist ég af of háum blóðþrýstingi og þurfti að taka því rólega, samkvæmt læknisráði. En kona-eigi-einsömul var ekki fyrr lögst upp í sófa með kodda undir fótunum og fartölvuna á bumbunni en hún rakst á tvö myndbönd á netinu þar sem glettnir náungar í Besta flokknum virtust hæðast að sama pólitíska andstæðingnum. Stjórnsmál og grín runnu saman í gjörning sem minnti mig á eineltistakta í gaggó.

Verandi eitt stórt móðurhjarta, sem sló of hratt, skynjaði ég kannski aðfarirnar glannalegri en þær voru í raun – ég skal ekki segja – mig rámar bara í að hafa skrifaði eitthvað um þetta á Facebook-síðuna mína, full sjálfinnrættar ábyrgðarkenndar hafandi kosið Besta flokkinn. Nokkrum mínútum síðar byrjaði síminn að hringja. Hann hringdi það

sem eftir var dagsins og hélt áfram daginn eftir. Ég held að á innan við klukkutíma hafi að minnsta kosti þrír fjölmiðlar hringt í mig, þar sem ég lá með tölvuna á bumbunni.

Borgarstjóri og bananar

Andstutt reyndi ég að útskýra mál mitt, mál sem ég botnaði mest lítið í sjálf en allir virtust hafa ákafar skoðanir á; ég var farin að dauðsjá eftir öllu saman, sérstaklega eftir að viðlesinn fjölmiðill hafði rangt eftir mér í öllu havaríinu. Á sama tíma rökræddi ég við hóp fólks, héðan og þáðan, ábyggilega minnst fimm í einu því á undraverðum hraða hrönnuðust

inn nýir vinir sem vildu dansa með í öllu fjaðrafokinu. Á endanum var borgarstjórinn farinn að sitja fyrir svörum á síðunni minni. Hann sat undir margradda yfirheyrslu, sem átti vísast að stuðla að þvingaðri sjálfsgagnrýni í anda menningarbyltingarinnar í Kína, meðan ég sat gráti næst inni í eldhúsi að æfa haföndun úr meðgöngujóganu.

„Þannig læt ég ókunnugu manneskjuna ... njóta vafans þegar ég opinbera allt mitt fyrir henni.“

Andaði þrjátíu sinnum og graðgaði því næst í mig niðursneiddum banönum með kanil því einhver hafði sagt að þeir væru góðir við of háum blóðþrýstingi – blóðþrýstingi sem var farinn að nálgaust suðupunkturinn þegar hér var komið sögu.

Vinsældakeppni

Facebook er undarleg blanda af fjölmiðli og ljósbleiku bókunum með flúruðu hesthausunum sem gengu á milli stelpnanna í barnaskólanum mínum. Þar söfnuðu þær ljósmyndum af vinkonum sínum og helstu upplýsingum um þær, auk þess sem vinkonurnar skrifuðu eitthvað fallegt um áhugamálin sín eða eiganda bókarinnar.

Maður opnar Facebook fullur vinarþels, græskulaus eins og grunnskólabarn með vinabókina sína, en þá blasir við að Auður Jónsdóttir sé ömurlegasti rithöfundur á Íslandi. Einhverjum Aroni Jóns eða Gunnu Katrínu finnst það og þau geta ekki legið á skoðun sinni á spjallþræði hjá



sameiginlegum vini. Svona lagað sá maður stundum í stíla-
bókum skólasystra sinna. Í versta falli stóð: Mér finnst Auður
Jóns vera leiðinlegasta stelpan í bekknum en hver finnst þér
leiðinlegust? Eitthvað svoleiðis.

Hjá sumum var maður skemmtilegastur, öðrum leiðin-
legastur. Kannski er það ástæðan fyrir statusi óléttu
konunnar þegar hún þóttist greina eineltistakta hjá fyndnum
borgarkandidötum. Ég veit það ekki. Kannski er maður alltaf
sami krakkinn. Krakkinn sem vill að allir séu memm og að
flestir skrifi að hann sé skemmtilegastur í bekknum, já, að
hann fái flest lækin á Facebook.

Lækaðu hjá mér
þá mun ég læka hjá þér
lækaðu hjá mér
þá mun ég læka hjá þér

Eilífðarþras

Ég læka hjá þér. Læka og læka og bíð eftir að aðrir læki hjá
mér, verandi fertug móðir og rithöfundur; manneskja í tveimur
hlutverkum sem útheimta sjálfstæða hugsun. Það er kannski
fulldjúpt í árina tekið að segja að maður glutri niður sjálfstæðri
hugsun á Facebook en lækin hafa áhrif á hana. Af hverju gleðst
maður annars yfir mörgum lækum? Getur verið að læk og
skortur á lækum hafi mótandi áhrif á skoðanir manns?

Ég held reyndar að samtöl á Facebook séu góð að því
leytinu til að maður getur kastað fram skoðun þar og fengið
viðbrögð við henni sem fá mann til að taka fleiri sjónarhorn
inn í myndina. En þessi samtöl geta líka orðið svo harðvítug
að þau hækka blóðþrýstinginn, enda er hættulega einfalt að
misskilja fólk á þessum miðli; það er jú misjafnt hvernig fólk
tjáir sig í skrifuðu máli og að sama skapi misjafnt hvernig
fólk les. Þannig getur maður verið sammála einhverjum en
samt þurft að rífast við viðkomandi til að koma honum í
skilning um það.

Fólk les eins misjafna hluti úr sömu orðunum og það er
margt. Facebook er dæmd til að bjóða upp á eilífðarþras.

Ósýnilegir skrásetjarar

Um daginn lækaði ég status annars hugar og mundi ekki eftir því fyrr en DV.is fjallaði um að ég hefði gert mig seka um að saka aðra manneskju um kvalalosta. Mér krossbrá, enda var það aldrei ætlunin. Í stuttu máli sagt hafði sá sem skrifaði þennan status, sem var nokkuð langur, líkt ónefndu athæfi við kvalarlostu. Ég hafði rennt yfir statusinn og lækaði án þess að taka sérstaklega eftir orðinu kvalalosti, ég hélt mig vera að læka þá staðhæfingu að þetta tiltekna athæfi hefði lítið annað upp á sig í eldfimu máli en að valda óþarfa sársauka, þó að ég væri að öðru leyti sammála manneskjunni sem áleit að ég væri að saka sig um kvalalosta.

Þetta hljómar ruglingslega, enda var þetta afar ruglingslegt í alla staði. Þessi manneskja, sem mér finnst mikið til koma, hafði skrifað eitthvað á Facebook sem varð blaðamanni DV ástæða til að halda því fram að ég og fleira fólk hefðum lækað það að hún væri haldin kvalalosta (þetta gæti hafa skolast til í minninu, ég er ekki að rifja þetta upp málsins vegna heldur til að halda sjálfri mér frá Facebook).

„Það rann upp fyrir mér að ókunnugt fólk getur haldið skrá yfir lækin mín – og annarra.“

Atvikið varð til þess að það setti að mér hroll. Það rann upp fyrir mér að ókunnugt fólk getur haldið skrá yfir lækin mín – og annarra. Í annað skipti á stuttum líftíma Facebook varð mér hugsað til menningarbyltingarinnar í Kína og ekki að ástæðulausu því á samfélagsmiðli heimsins hlýtur dómstóll götunnar að blómstra. Hver sem er getur verið meðvitaðri um orð og gjörðir náungans en hann sjálfur.

Veröldin gleymist

Nú gæti einhver sagt: En Facebook stuðlar að lýðræði! Sjáðu bara búsáaldabyltinguna og arabíska vorið! Og já, mikið rétt, það voru byltingar, reyndar gjörólíkar nema að því leytinu til að þær mistókust, svona eftir á séð. Facebook er tæki fólksins. Aftur á móti er önnur spurning hvort það geri manni gott að vera mikið innan um allt þetta fólk, hvað þá

þegar minnsta læk eða andvarp í óléttri konu getur sett allt á annan endann, að minnsta kosti í veröld hennar sjálfrar – sem vill gleymast í allri netfíkninni.

Ég hef ekki töluna á öllum vandræðunum sem ég hef komið mér í á Facebook, oft í algjöru sakleysi þegar Facebook-vinir mínir misskilja kæruleysislegar vangaveltur á versta veg. Hugarangrið hefur verið svo mikið að það yfirskyggir kostina: Allt skemmtilega spjallið, hamingjuóskirnar, góðu póstana frá dásamlega hlýju fólki, gamla vini sem koma í leitirnar og vini í útlöndum sem hefðu ellegar glatast, að ógleymdum vinum sem ég hef kynnst á Facebook.

Austur-Þýskaland nútímans

Það er bara ekki hægt að lifa við að þarna úti geti fólk talið lækin mín til að deila þeim í réttar og rangar skoðanir – eða það sem verra er: gera mér upp skoðanir; hugsanlegir pedófilar geti skoðað myndir af barninu mínu og misvitrar mannvitsbrekkur farið yfir löngu liðnar skoðanir mínar meðan tölvan tifar eins og tímasprengja og bíður þess eins að ég sprengi hana með næstu færslu, bara af því að einhver skilur ekki húmorinn manns eða nennir ekki að lesa tvær setningar í samhengi.

Nú hljóma ég taugaveikluð en veröld Facebook er þannig að það er fyllsta ástæða til þess að vera vör um sig. Spyrjið bara suma þýska vini mína sem forðast í lengstu lög að skrifa statusa á Facebook. Einhver sagði að mörgum Þjóðverjum væri sérstaklega umhugað um persónuupplýsingar eftir sára reyndluna í fyrrverandi Austur-Þýskalandi. Kannski maður ætti að taka sér þá til fyrirmyndar í stað þess að biðja Kristin Hrafnsson um að vera vin sinn bara því það er svo asnalegt að herveldi haldi skýrslur yfir Facebook-vini hans.

Ég býst við að þessi sjálfhverfi pistill seðji statusþörf mína þessa vikuna. Undir venjulegum kringumstæðum hefði ég byrjað daginn á að skrifa status. Í dag myndi ég skrifa: Ég heiti Auður, ég er Facebook-fíkill!



Esjan ekki bara bæjarfjall

Fjölfarnasta fjall landsins, besta æfingasvæði útivistarfólks, paradís og athvarf náttúruunnenda

LÍFSSTÍLL

Páll Ásgeir Ásgeirsson
*Leiðsögumaður og
höfundur leiðsögubóka
um Ísland*

Esjan er ekki eitt fjall heldur fjallabálgur. Hún er bæjarfjall Reykvíkinga og eins konar tákn fyrir höfuðborgarsvæðið. Meðan Reykjavík var að fyllast af fólki sem saknaði heimabyggðar sinnar einhvers staðar annars staðar á landinu þótti frekar ófint að segja að Esjan væri fallett fjall. En það er löngu vaxin upp kynslóð sem finnst Esjan eitt fallegasta fjall á Íslandi. Esjan er miklu meira en þetta því hún er líka fjölfarnasta fjall landsins, besta æfingasvæði útivistarfólks á landinu og paradís og athvarf náttúruunnenda.

Frá vestri til austurs er hægt að rekja Esjuna í sundur



í Lokufjall, Dýjadalshnúk, Kerhólakamb, Þverfellshorn, Eilífstind, Skálatind, Gunnlaugsskarð, Hábungu, Hátind, Laufskörð og Móskaðshnúka. Hæsti punktur Esjunnar er Hábunga, sem er 914 metra há. Hátindur er 907 metrar og var lengi talinn hæstur þar til nákvæmari mæling barst og þess vegna eru þessi tvö örnefni í notkun þótt merkingin sé sú sama.

Ótal leiðir

Um þetta fjallendi liggja ótal leiðir, sumar auðveldar, aðrar erfiðar og sumar varasamar. Flestir útivistarmenn þekkja leiðina sem liggur frá bílastæði við Mógilsá og upp að Steini. Steinn eða Steinninn í Esjunni er í hlíðinni undir Þverfellshorni. Þangað upp eru um 3,5 km eftir ágætlega merktum stíg. Steinninn er í um 600 metra hæð en fremst á Þverfellshorni er göngumaður í 755 metrum.

„Bak við þetta lúrir sú saga að hlaupaþjálfari í Hafnarfirði fór að láta nemendur sína hlaupa í Esjunni fyrir tveimur áratugum eða svo. Hann sagði þeim alltaf að fara upp að Steininum og átti þá við þennan tiltekna stein.“

Stígurinn sem liggur upp að Steini greinist í tvennt og liggur yfir brú á Mógilsánni og upp með henni að austan. Vestan árinna er hægt að fara styttri leið upp svonefnda Einarsmýri, þar sem Skógrækt ríkisins vinnur að endurbótum á stígnum. Eystri leiðin er jafnari og greiðari þótt hún sé svolítið lengri, en margir kjósa að fara hring með viðkomu við Steininn.

Á Steininum er skilti sem á stendur Steinn og gefur tilefni til skemmtilegra vangaveltna um það hvers vegna sé þörf á að merkja með svo látlausu heiti hlut sem er svo augljóst að er steinn. Svólítið eins og að setja skilti á tré sem á stendur Tré. Margir steinar í Esjunni eru nafnlausir og ómerktir, svo halda mætti að þessi hefði átt skilið eitthvert tilkomumeira heiti. Bak við þetta lúrir sú saga að hlaupaþjálfari í Hafnarfirði fór að láta nemendur sína hlaupa í Esjunni fyrir tveimur áratugum eða svo. Hann sagði þeim alltaf að fara upp að Steininum og átti þá við þennan tiltekna stein. Svo fannst honum stundum grunsamlegar



tímasetningar koma upp í skýrslum þeirra sem fóru að hans fyrirætlunum í fjallið. Til þess að taka af allan vafa um hvaða stein væri átt við fékk þjálfarinn vin sinn til þess að búa til þetta skilti og þeir fóru svo upp eftir og skrúfuðu það á steininn. Síðan hefur steinninn heitið Steinn.

Írskt prinsessuheiti?

Allan tímann var ljóst að Esjan sem slík hétu Esja en um uppruna og merkingu þess nafns eru til nokkrar sögur. Var Esja göldrótt írsk kerling sem kom með Örlygi landnámsmanni að Esjubergi? Er þetta kannski írskt prinsessuheiti eða er

nafnið einfaldlega heiti á steintegund? Sumir segja að esja eða ysja merki lausamjöll en sjálfum finnst mér skemmtilegust sú skýring að þegar snjór er að bráðna úr fjallinu á vorin megi stundum lesa heitið Esja með stórum stöfum á rúnalettri úr sköflunum sem sitja eftir í giljunum. Kunnátta og lestur á rúnir er ekki nógu útbreidd á vorum



Fagurt er til fjalla

Göngumenn í þæfingsfærð á leið á Esjuna síðasta laugar- dag í einstaklega fallegu veðri.

tímum til þess að tekist hafi að staðfesta þessa sögu.

Esjan, nánar tiltekið leiðin upp á Þverfellshornið, er án efa einhver vinsælasta gönguleið á landinu. Þangað sækja útivistarmenn sem vilja nálgast náttúruna, fjölskyldur í fjallgöngu, hlauparar í þjálfunarþrógrömmum, erlendir ferðamenn og alls kyns gönguhópar stórir og smáir. Margir eiga tiltekinn dag í vikunni sem er alltaf nýttur til Esjugöngu með vinum og félögum. Samfélagið í hlíðum Esjunnar er bæði fjölbreytt og litríkt.

Ennisljós tryggir greiða för þótt myrkur sé og hálfu-broddar tryggja öryggi göngumanna en á þeim ætti samt enginn að fara nema upp að Steini. Vilji menn fara upp á Þverfellshornið í broddafæri er nauðsynlegt að hafa jökla-brodda og ísöxi og kunna að beita hvorutveggja.

Fólk geysist áfram

Margir þekkja þá algengu viðmiðun að sá sem komist upp að Steini á klukkutíma eða minna sé vel fær til þess að ganga á Hvannadalshnúk eða ámóta erfið og há fjöll. Þess vegna mætir maður oft fólki sem geysist áfram einbeitt á svip og er með augað á klukkunni. Slíkar tímatökur eru oftast miðaðar við eystri leiðina, sem er ögn lengri. Þegar heim er komið skrifa menn stundum á Facebook: „Fór upp að Steini...“ og setja tölu (t.d. 55) í sviga fyrir aftan. Á Facebook er einnig afar vinsælt að setja mynd af sér við Steininn með Reykjavík í baksýn.

Á Facebook er einnig hægt að finna hóp sem heitir Esjuvinir og er skipaður mönnum sem ganga á Esjuna 100-200 sinnum á ári. Þeir telja ekki með ferðir upp að Steini heldur aðeins ferðir alla leið á Þverfellshorn.

Margar rannsóknir sýna að hressandi fjallganga skil-ar víðtækari árangri en að hlaupa á bretti í ræktinni sem hamstur í hjóli með augun á skjá og tónlist í eyrum. Ganga í ójöfnu landi þjálfar mun fleiri vöðvahópa, vindurinn og kuldinn reyna á líkamsstarfsemi með flóknari hætti og ein-veran og náttúran í fjallinu veita sálinni næringu sem fæst ekki í manngerðu umhverfi. Þannig eru áhrifin af fjallgöngu mun víðtækari og flóknari en ferð í ræktina.

Það er auðvelt að verða þátttakandi í samfélaginu í Esjunni. Þeir sem ekki yrða á samborgara sína á malbikinu að jafnaði bjóða góðan dag að fyrri bragði í fjallinu. Ef maður stoppar og tekur undir kveðjuna hefjast strax sam-ræður um búnað, fatnað, aðstæður eða veðrið og ferðalangur fer af fundinum með gleði í hjarta og fróðleiksmola í kaup-bæti.



Á hverjum degi snerta heimsforeldrar UNICEF líf barna um allan heim. Með mánaðarlegum framlögum gera þeir UNICEF kleift að bæta líf bágstaddra barna til frambúðar.

Má bjóða þér að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni með okkur?

Kynntu þér málið á www.unicef.is



APPIQ

Hörður Ágústsson
eigandi Macland

„Snjallsíminn minn er iPhone 5s“



MAILBOX

Besta
póstforrit
sem ég

hef prófað. Ótrúlegt að enginn hafi áður komið með póstforrit þar sem hugmyndin er að skipuleggja póstinn, fresta pósti og svo framvegis. Magnað forrit. Það eina sem vantar er þetta forrit í fartölvuna mína.



DAY ONE

Dagbókar-
forrit
sem nýtir

notifications í iOS mjög vel. Matardagbók og að halda utan um hugmyndir og þælingar. Geotag og myndir hjálpa manni að muna enn betur hvað maður var að hugsa.



SLEEP CYCLE

Þetta app er
frábært til

að stilla svefninn af. Ég vel hvenær ég vil vakna og hreyfiskynjarinn í símanum vekur mig þegar ég er í lausum svefni. Mikill munur á að vakna á morgnana. Heldur líka utan um tölfraði um svefnrútfínuna.

TÆKNI Snjallúr sem staðsetur börn



Lítill börn eru kannski ekki heppilegustu eigendur hefðbundina snjalltækja á borð við síma og spjaldtölvur. Í sífellt skuggalegri heimi myndu kostir slíkra tækja hins vegar veita börnum meira frelsi til að athafna sig. Og foreldrum betra tækifæri til að fylgjast með þeim. Alltaf.

FiLIP Technologies Inc. skynjaði þessa eftirspurn og hefur framleitt snjallúr fyrir börn. Með úrunum er hægt að staðsetja börnin, hringja í þau eða senda skilaboð. **psj**

Úrið fór fyrst í sölu í nóvember 2013 og er því ekki búið að ná mikilli dreifingu. Það er hins vegar ofarlega á lista margra yfir þau tæki sem munu vekja mesta athygli á árinu 2014.

Úrið er í grunninn GSM-farsími sem hægt er að vera með um úlnliðinn. Foreldrar geta, í gegnum FiLIP appið, forritað fimm símanúmer inn í úrið sem auðvelt er að hringja í.

Foreldrar fylgjast með ferðum barna sinna í gegnum app á þeirra eigin snjallsíma. Það er auðvitað bundið því að börnin taki ekki af sér úrið.

FiLIP úrið býr líka yfir GPS, GSM og wi-fi staðfestingabúnaði sem gerir foreldrum kleift að fylgjast með ferðum þess hvort sem þær fara fram utandyra eða innandyra.

BEINT Í MARK

Uppáhalds erlendu auglýsingar Kjarnans um þessar mundir



Mistakes frá Umferðarstofu Nýja-Sjálands


Framleidd af Clemenger BBDO, leikstýrt af Derin Seale

Áhrifamikil almannaheillaauglýsing frá Nýja-Sjálandi sem ætlað er að vekja fólk til umhugsunar um hraðakstur. Hraði er dauðans alvara.

Circle Story frá Cisco

Framleidd af Goodby Silverstein & Partners

Hér sýnir Cisco okkur hvernig hlutir geta tengst saman með internetinu og í leiðinni hvernig hringrásin tryggir að heimilisköttur fái mjólkina sína á hverjum morgni.



The Exam frá GenOpp

Framleiðandi og leikstjóri óuppgefinn

Andstæðingar ObamaCare fara hér óhefðbundna leið til að sannfæra fólk um að stjórnvöld eigi ekki að koma nálægt heilbrigðismálum. Sitt sýnist hverjum um auglýsinguna og málstaðinn.

Lost frá Xbox One

Framleidd af CP+B í leikstjórn Bryan Buckley

Hversu raunverulegir eru tölvuleikir? Hér svarar Xbox þeirri spurningu á frumlegan og skemmtilegan hátt. Ef þeir væru raunverulegri þá væru þeir raunverulegir.



Guinness: Sapeurs

Framleidd af AMV BBDO í leikstjórn Nicolai Fuglsig

Hér fer Guinness með okkur í ferð til Kongó þar sem við fáum að skyggjast inn í samfélag fagaðra hvunndagshetja í Brazzaville sem kalla sig Sapeurs [The society of elegant persons of the Congo]. Þar er stíll og sköpunarkraftur mikilvægari en stétt og staða.





Kortir í Super Bowl

Undanúrslit í NFL-deildinni fara fram á sunnudag. Seattle Seahawks hefur verið sterkast í ár.

ÍÞRÓTTIR

Loftur Kristjánsson

Nú er úrslitakeppni NFL-deildarinnar í amerískum fótþolta í fullum gangi. Næstkomandi sunnudag fara undanúrslitin fram og ræðst þá hvaða lið keppa um Ofurskálina á MetLife-leikvanginum í New York 2. febrúar. Leikurinn um bikarinn fræga er stærsti íþróttaviðburður hvers árs vestanhafs og milljónir fylgjast með um heim allan. Fyrri undanúrslitaleikurinn er viðureign Denver Broncos og New England Patriots, sem hefst kl. 20.00 að íslenskum tíma. Sá síðari er viðureign Seattle Seahawks og San Francisco 49ers, sem hefst kl. 23.30.





Seattle Seahawks

Seattle Seahawks hefur án vafa verið sterkasta lið deildarinnar í ár. Vefsíðan [Football Outsiders](#) var með Seahawks sem langbesta lið deildarinnar. Stuðst verður við DVOA-mælikvarða síðunnar hér. Liðið var það gott að það var með fimmta besta DVOA frá 1989. Aðalsmerki þess er vörnin, sem var í raun sögulega góð, sú sjöunda besta frá 1989. Sókn Seahawks var einnig góð, sú sjöunda besta í ár.

Það sem stendur upp úr er sendingarvörn Seahawks. Þar er liðið enn og aftur langsterkast og nálægt sögulegu hámarki. Þeir Richard Sherman og Earl Thomas hafa verið þar fremstir í flokki, en báðir voru valdir í úrvalslíð deildarinnar í ár. Burðarásar Seahawks í sókninni eru leikstjórnandinn Russell Wilson og hlauparinn Marshawn Lynch, sem báðir voru topp 10 leikmenn í sinni stöðu að mati Football Outsiders.

Það eina neikvæða við Seahawks er hvað leikmenn þess hafa oft ratað í fréttir síðustu misseri fyrir að brjóta reglur um ólögleg efni. Þar er lyfið Adderall í sviðsljósinu. Sökum þess hafa þeir því fengið hið vafasama viðurnefni Sea-Adderall Seahawks. Alls hafa fimm leikmenn þess á undanförunum árum tekið út leikbann vegna ólöglegra lyfja. Þar að auki átti áðurnefndur Sherman yfir höfði sér bann en slapp vegna framkvæmdargalla við sýnatöku.



San Francisco 49ers

Andstæðingar Seahawks verða erkifjendur þeirra í 49ers. Liðin leika saman í riðli og hafa því mæst oft. 49ers var sjötta besta liðið í ár samkvæmt Football Outsiders, áttunda besta sóknin og 13. besta vörnin. Liðið hefur verið á mikilli siglingu og unnið átta leiki í röð og 13 af síðustu 15 þar sem einu töpin voru með samanlagt fjórum stigum gegn góðum liðum.

Þetta er þriðja árið í röð sem 49ers kemst í undanúrslit, sem sýnir vel hversu gott og stöðugt liðið hefur verið. Aðalsmerki þess hefur verið varnarleikurinn, með þá Patrick Willis og NaVorro Bowman í aðalhlutverki. Hins vegar virðist vörnin hafa tekið skref afturábak frá því á síðasta tímabili. Sóknarleikurinn mun velta á leikstjórnandanum Colin Kaepernick, sem mætti segja að sé óútreiknanlegasti leikmaður liðsins. Ef Kaepernick spilar vel á 49ers möguleika á sigri.



Viðureignin

Seattle Seahawks gegn San Francisco 49ers í Seattle

Seahawks-sóknin getur lent í töluverðum vandræðum ef andstæðingurinn spilar frábæran varnarleik eins og gerðist í leikjum gegn 49ers og Cardinals. Þessi leikur mun að öllum líkindum verða mikill varnarlagur. Leikurinn er þó heimaleikur hjá Seahawks, sem er töluverður styrkur sökum mjög óflugra áhorfenda. Þeir

settu á tímabilinu heimsmet yfir hljóðstyrk á íþróttaleikvangi.

Football Outsiders telur líkur á Seahawks sigri vera 62,8%. Þetta byggja þeir á 50.000 hermunum á leikum. Sjálfur myndi ég spá Seahawks sigri í afar jöfnum og spennandi leik en tel það alls ekki ólíklegt að 49ers vinni leikinn.



Denver Broncos

Eins gott og lið Seahawks hefur verið varnarlega hefur Broncos verið sóknarliðstæðan. Broncos endaði með næstbesta liðið samkvæmt DVOA, langbestu sóknina og 15. bestu vörnina. Sóknarleikur Broncos var sá sjötti besti frá 1989.

Í ár stimplaði liðið sig í sögu-
bækurnar með alls konar sóknar-
met. Þar fór fremstur hinn 37
ára gamli leikstjórnandi Peyton
Manning sem setti met yfir
flest snertimörk á tímabili (55),
flesta sendingayarda á tímabili
(5.477) og átti stærstan þátt í því
að Broncos setti stigamet með 606

stig. Varla þarf að taka fram að hann og
sendingaleikurinn báru höfuð og herðar yfir alla
aðra á öllum mælিকvörðum. Manning er umkringdur
hæfileikaríkum leikmönnum á borð við Demaryius
Thomas og Wes Welker sem gera þetta mögulegt.

Varnarlega hefur Broncos verið miðlungslíð.
Styrkur þess er að verjast hlaupakerfum þar sem
það er með níundu bestu vörnina en í 21. sæti gegn
sendingakerfum. Þar munar mestu um fjarveru
besta varnarmanns liðsins, Von Miller, sem missti af
sex leikjum á tímabilinu vegna þess að hann reyndi
að svindla á lyfjaprófi. Síðan sleit hann krossband
og er því úr leik.




New England Patriots

Eins og 49ers er Patriots komið í undanúrslit þriðja
árið í röð. Patriots var fimmta besta liðið, fjórða
besta sóknin og 21. besta vörnin í margnefndri
greiningu vina okkar á Football Outsiders. Í New
England snýst allt liðið í kringum þjálfarann Bill
Belichick og leikstjórnandann Tom Brady.

Þetta tímabil er þó eflaust eitt það magnaðasta
og besta „þjálfaraár“ í manna minnum. Belichick
hefur svo sannarlega tekist að búa til
hið margumtalaða kjúklingasalat
úr kjúklingafjóðrum. Patriots
hefur nefnilega misst hverja
stjörnuna á færur annarri í
meiðsli.

Helst ber að nefna Rob
Gronkowski, besta sóknarmann
Patriots fyrir utan Brady, og varnar-
tróllið Vince Wilfork. Einnig hefur liðið
misst lykilmennina Sebastian Vollmer, Jerod Mayo
og Brandon Spikes. Ekki er nóg með það heldur voru
fjórir leikmenn í byrjunarliði í lok tímabilsins sem
voru ekki á samningi hjá neinu liði fyrr á tímabilinu.
Miðað við að um 2.000 leikmenn eru á samningi í
NFL er ótrúlegt að Patriots hafi náð að vera með
fjóra slíka leikmenn í byrjunarliðinu.



Viðureignin

Denver Broncos gegn New England Patriots í Denver


Einvígi Tom Brady og Peyton Manning er eitt besta
einvígi tveggja íþróttamanna nú til dags. Það er á
svipuðum stalli og einvígi Messi og Ronaldo. Þetta
verður 15. viðureignin milli Brady og Manning og þar
af sú fjórða í úrslitakeppninni. Brady hefur haft betur
til þessa, 10-4. Einn þessara leikja fór fram fyrr á
tímabilinu.

Ekki má búast við öðru en sóknarbolta í þessum
leik. Leikmenn Patriots munu án efa reyna að hlaupa

meira með boltann, láta leikinn ganga hraðar og þar
með halda Manning á hlíðarlíunni. Ef Manning nær
að halda mistökum síns liðs í lágmarki er hann ill-
viðráðanlegur og mun það skipta lykilmáli.

Football Outsiders telur líkur á Broncos-sigri vera
54%. Sjálfur myndi ég spá Patriots sigri í hröðum
og spennandi leik þar sem skorað verður mikið. Ég
reikna þó með að Manning muni gera mistök í lok
leiks sem muni kosta Broncos sigurinn.





Hvernig á að finna týndu börnin?

Vankantar eru á þeim leiðum sem lögreglan notar til að leita eftir týndum börnum

VÍSINDI

Heiða María
Sigurðardóttir
doktor í taugavísindum

Greinarhöfundur deildi nýverið enn einni tilkynningu lögreglunnar þar sem lýst er eftir týndum börnum. Það er sjálfsögð borgaraleg skylda. En koma slíkar tilkynningar að nógu miklu gagni? Að sögn þjóna þær vissulega þeim tilgangi að ná til fólks sem þekkir þessi börn persónulega; börn sem fara að heiman leita stundum til ættingja, vina eða kunningja sem vita ekki í öllum tilfellum að barnanna sé saknað. Ef þessum tilkynningum er aftur á móti einnig ætlað að ná til fólks sem ekki hefur séð týndu börnin áður gæti málið horft öðruvísi við.



Takmarkaðar upplýsingar

Þessum tilkynningum lögreglu fylgir yfirleitt ein mynd í frekar litlum gæðum þar sem lýsingin er slæm og viðkomandi horfir beint framan í myndavélina (sjá til dæmis þennan [lista bandarísku alríkislögreglunnar](#)).

Vandamálið er að vísindarannsóknir benda til að við séum ekkert sérlega góð í að bera kennsl á fólk út frá svona takmörkuðum upplýsingum. Ef við sjáum einungis eina mynd af manneskju eigum við í vandræðum með að þekkja hana frá öðru sjónarhorni. Það reynist okkur líka erfitt að bera kennsl á manneskjuna í öðrum aðstæðum en myndin sýnir, til dæmis ef lýsingunni er breytt.

Þetta hafa margir krakkar skemmt sér við að sannreyna með því að lýsa neðan á andlitið með vasaljósi í myrkvudu herbergi, en þá er eins og viðkomandi breytist jafnvel í allt aðra og heldur óhugnanlegri manneskju. Meira að segja það að einhver taki niður gleraugun eða breyti um hárgreiðslu eða háralit getur gert manni erfitt um vik að þekkja viðkomandi aftur. Það vakti til að mynda nokkra athygli þegar það að skeyta saman hári og andlitsumgjörð Bjarna Benedikts-sonar og andliti Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar gerði það að verkum að útkoman varð [ískyggilega lík](#) Ásgeiri Kolbeinssyni fjölmiðlamanni.


„Sniðugar“ aðferðir geta reynst varasamar

Hver dagur þar sem barn er týnt einhvers staðar í burtu frá heimili sínu, oft í heimi fíkniefna, skiptir máli fyrir bæði það og fjölskyldu þess. Það skiptir máli að týndu börnin finnist fljótt og því ætti ekki að horfa framhjá ofangreindum vanköntum á tilkynningum lögreglu. Til allrar mildi finnst börn hér á landi þó yfirleitt innan fáeinna daga eða vikna. Til eru dæmi um að börn finnist ekki þrátt fyrir að mörg ár séu liðin frá hvarfi þeirra. Þekktasta tilfellið er án mikils vafa hvarf Madeleine McCann árið 2007, en hún var þá rétt tæplega fjögurra ára. Þar sem ekkert spurðist til Madeleine í mörg ár var gripið til þess ráðs að búa til [nýja mynd](#) af henni eins og talið var að hún myndi líta út níu ára gömul. Þetta var

að sjálfsgöðu gert í þeirri von að auðveldara væri að þekkja Madeleine af nýju myndinni en hinni gömlu þar sem hún hafi vaxið og breyst á þeim árum sem liðið höfðu frá hvarfi hennar.

Ólíklegt til árangurs

Hversu líklegt er að slík aðferð skili tilætluðum árangri? Þótt þetta efni hafi ekki verið rannsakað í þaula benda tiltækar rannsóknir til þess að svona aldursuppfærslur á útliti barna skili annaðhvort engu betri árangri en það að nota upphaflegu myndirnar eða – það sem er öllu alvarlegra – séu jafnvel verri en ekki neitt. Þannig eigi fólk eigi hreinlega erfiðara með að þekkja manneskjuna af nýju breyttu myndinni og að slíkar myndbreytingar auki jafnframt líkurnar á að fólk taki aðra í misgripum fyrir þá manneskju sem myndin á raunverulega að vera af. Þótt eflaust sé sú tölvutækni sem notuð er við slíka myndvinnslu misgóð er það áhyggjuefni að forritið sem notast var við í þessari síðastnefndu rannsókn er raunverulega notað af lögregludeildum víða um heim. Noti lögreglan slíkar myndir má því búast við að það afvegaleiði fólk og hindri frekar en hjálpi til við rannsókn málsins.



Michael Jackson

Hér er líkan af andliti poppstjörnnunnar sálugu notað til útskýringar á því hvernig ljós getur haft áhrif á hæfileika okkar í að bera kennsl á fólk.

Mynd: Facebook for FaceBox

Við eigum ekki í neinum sérstökum vandræðum með að þekkja aftur manneskju sem við höfum oft séð við alls konar aðstæður, til dæmis söngvarann Michael Jackson. Aftur á móti gildir það ekki um lítt kunnugar manneskjur. Þegar við sjáum aðeins eina mynd af manneskju (A) eigum við erfiðara með að þekkja hana frá öðru sjónarhorni (B). Það skiptir líka máli úr hvaða átt ljósið kemur. Til dæmis er

alla jafna auðveldara að bera kennsl á andlit ef lýst er á það að ofan (C) frekar en að neðan (D). Í lögreglurannsóknnum á mannhvörfum hafa tölvuforrit verið notuð til þess að búa til mynd af týndu manneskjunni eins og talið er að hún komi til með að líta út þegar hún verður eldri (E). Ekki er þar með sagt að manneskjan muni í raun og veru líta svona út. Slíkt

„Hver dagur þar sem barn er týnt einhvers staðar í burtu frá heimili sínu, oft í heimi fíkniefna, skiptir máli fyrir bæði það og fjölskyldu þess. Það skiptir máli að týndu börnin finnist fljótt og því ætti ekki að horfa framhjá ofangreindum vanköntum á tilkynningum lögreglu.“

getur villt um fyrir fólki og jafnvel hamlað því að það beri kennsl á manneskjuna. Við gerð myndanna notaði ég forritið [FaceGen](#).


Hvað á þá að gera?

Þegar lýst er eftir barni ætti að birta margar myndir, frá mörgum sjónarhornum við alls konar mismunandi aðstæður, mismunandi birtuskilyrði, í ólíkum bakgrunni og þegar barnið sýnir mismunandi svipbrigði. Það gæti jafnvel gagnast enn betur að sýna myndbrot af viðkomandi manneskju, helst þar sem ekki aðeins andlitið sést heldur allur

líkaminn; slíkt veitir viðbótarupplýsingar sem sjónkerfið getur nýtt sér. Það er auðveldara að bera kennsl á andlit ef maður hefur áður séð það hreyfast á náttúrulegan hátt. Jafnframt getur maður nýtt sér hreyfimyndir líkamans, til dæmis hvernig manneskjan gengur, til að þekkja hana aftur. Á tímum Facebook, Instagram, YouTube og fleiri miðla ætti í mörgum tilvikum að vera tiltölulega auðvelt að veita lögreglunni aðgang að slíkum gögnum. Þetta er einföld lausn en jafnframt líkleg til árangurs.



Smelltu til að sjá
bóklegar heimildir
umfjöllunarinnar



KJAFIÆÐI

Konráð Jónsson
lögmaður

Deildu með
umheiminum



kjarninn 16. janúar 2014

Lögmálið um varðveislu reiðinnar

Konráð Jónsson skrifar um neikvætt fólk

Ég verð að játa eitt: ég hef afskaplega litla þolinmæði gagnvart neikvæðu fólki. Við þekkjum þetta öll – einhvers staðar á vinalistanum á Facebook er einstaklingur sem virðist sjá ástæðu til að missa stjórn á skapi sínu yfir mönnum og málefnum úti í heimi við minnsta tilefni. Það hefur hins vegar reynst mér erfitt að básúna mikið um þennan þirring minn, því þegar ég er kominn á fremsta hlunn með að skella í status um málið segi ég við sjálfan mig: En Konráð, með því að kvarta yfir þessu, ertu þá ekki orðinn einn af þessu fólki? Svo hef ég ákveðið að leyfa þessu fólki að lifa í sínum heimum þar sem það ákveður að þirrast á bensínverðinu og Vigdísí Hauksdóttur á meðan það eru til miklu meira gefandi aðferðir við að hækka blóðþrýstinginn, svo sem að borða lakkrís. Í skiptum fyrir að leyfa þessu fólki að vera óáreitt hef ég tekið upp á því í seinni tíð að taka það af fréttaveitunni minni þannig að þetta bölsót og neikvæðni nær aldrei til



skilningarvita minna. (Núna væri ég til í að vera fluga á vegg ákveðinna fylupúka sem eru á vinalistanum mínum og eru að lesa þennan pistil.)

Reiði er föst stærð

En nú þegar ég nálgast fertugsaldurinn, þar sem ég hef fylgst með þjóðfélagssumræðunni frá unga aldri, þá sérstaklega hvernig hún hefur mótast á tímum internets, megabæta, bloggs og virkra í athugasemdum, tel ég mig vera búinn að átta mig á henni. Ég tel mig vera tilbúinn að setja fram tilgátu. Hún er þessi:

Við venjulegar kringumstæður er magn reiði í samfélaginu á hverjum tíma föst stærð.

„Ég legg til að í stað þessa reiðikvótakerfis verði komið á sérstöku sóknardagakerfi.“

Með öðrum orðum: Það eru alltaf einhverjir reiðir út af einhverju, alveg sama hversu mikið tilefni er til að vera reiður. Nú tek ég fram að það má vera reiður, og vissulega er tilefni til að vera reiður yfir ýmsu sem gerist. Til að mynda skil ég að mörgu leyti reiðina sem var ríkjandi haustið 2008, þegar fjármálakerfið hrundi, þó að sú reiði hafi

reyndar gengið út í öfgar á köflum. En öðrum stundum er eins og sumir séu að leita sér að einhverju til að vera reiðir yfir.

Þannig er eins og það sé alltaf sama reiðin í þjóðfélaginu en hún leiti í ákveðin málefni. Hún hagar sér eins og orka, en eins og við eðlisfræðispekingarnir vitum er ekki hægt að eyða orku, bara breyta formi hennar.

Aragrúi dæma

Það er auðvitað aragrúi dæma um þessa reiði. Áhugasömum bendi ég á að opna Facebook, sem ég hef talað um. Væntanlega þarf ekki að skruna lengi til að finna gott dæmi. Einnig gæti ég nefnt nokkra fjölmiðla, sem og nokkra valinkunna andans einstaklinga sem býsnast yfir öllum og öllu á Facebook. Ég þori að sjálfsgöðu ekki að nafngreina þessa fjölmiðla og einstaklinga, af ótta við að fá minn skerf í næstu reiðiúthlutun.



Það má velta því fyrir sér hvaða ástæður liggja að baki þessu. Ein ástæðan gæti verið sú að sumir telji sig ekki hafa þýðingu í umræðunni nema þeir séu reiðir yfir einhverju. Svo getur verið að einhverjir fái „kikk“ út úr því að vera reiðir. Þá má nefna að íslenskir blaðamenn eru alltaf að leita að fréttum og þurfa að fylla dálksentimetra. Í gúrkutíð getur verið að ýmislegt rati í miðlana sem allajafna ætti ekki erindi þangað inn.

Ég leg til að í stað þessa reiðikvótakerfis verði komið á sérstöku sóknardagakerfi. Í tíu daga á hverju ári myndum við öll vera hoppandi reið út af einhverju, en í staðinn yrðum við 355 daga á ári sultuslök, elskandi allt og alla. Ég held að það gætu orðið góð skipti. Að öðrum kosti mætti koma á sérstöku reiðigjaldi sem myndi renna til allrar þjóðarinnar fyrir að þurfa að umbera alla þessa reiði.

Í anda hinnar vísindalegu aðferðafræði vil ég þó taka fram að tilgáta mín um lögmál reiðinnar gæti auðvitað verið röng.

